Veðrið spilar þátt á plötunni

Lífið ➤ 26

Portrettmyndir Kjarvals til sýnis

Menning ➤ 24

Sigraðu innkaupin fyrir útileguna
nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

137. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 7. JÚLÍ 2022

„Þetta hefur gengið ótrúlega vel," segir Jón Kolbeinn Guðjónsson, deildarstjóri verkfræðideildar hjá Isavia, um framkvæmdir við nýja 22 þúsund fermetra viðbyggingu við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli, sem að hluta á að vera að komin í notkun á næsta ári og að fullu 2024. Jón segir um 85 til 90 prósent af uppsteypunni nú lokið. Efni í burðarvirki stálgrindarhússins komi frá Úkraínu og Finnlandi og sé unnið í Póllandi og Finnlandi. „Við vorum heppin að tryggja stóran hluta efnisins áður en átökin brutust út í Úkraínu." FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Útlendingar greiði gjald en ekki Íslendingar

Mikill meirihluti vill að tekið verði gjald af erlendum ferðamönnum fyrir aðgang að íslenskum náttúruperlum samkvæmt nýrri könnun. Afstaðan snýst við þegar spurt er um gjaldtöku af Íslendingum.

adalheidur@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Yfir sjötíu prósent eru sammála því að tekið verði gjald af erlendum ferðamönnum fyrir aðgang að íslenskum náttúruperlum. Aðeins þrjátíu prósent eru hins vegar fylgjandi slíkri gjaldtöku af Íslendingum. Þetta eru niðurstöður nýrrar könnunar sem Prósent framkvæmdi fyrir Fréttablaðið.

Samkvæmt niðurstöðunum er rúmur helmingur svarenda ósammála því að Íslendingar verði rukkaðir um aðgang að íslenskum náttúruperlum en aðeins tólf prósent eru ósammála sambærilegri gjaldtöku af erlendum ferðamönnum.

Þegar svörin eru skoðuð nánar kemur í ljós að sextíu prósentum þeirra sem eru ósammála gjaldtöku af Íslendingum finnst rétt að taka sambærilegt gjald af erlendum ferðamönnum.

Ekki er mikill munur á afstöðu til gjaldtöku milli kynja og enginn munur er á afstöðu íbúa höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Þá breyta tekjur fólks ekki miklu um afstöðu til gjaldtökunnar, þótt ívið fleiri séu sammála gjaldtöku meðal þeirra tekjuhæstu en þeirra sem hafa lægri tekjur. Stuðningur við gjaldtöku er minnstur í yngsta aldurshópnum, bæði hvað varðar erlenda ferðamenn og Íslendinga, en hækkar jafnt og þétt með hækkandi aldri.

Afstaða til gjaldtöku af erlendum ferðamönnum fyrir aðgang að íslenskum náttúruperlum



Afstaða til gjaldtöku af Íslendingum fyrir aðgang að íslenskum náttúruperlum



Sammála Hvorki né Ósammála

Um netkönnun var að ræða sem framkvæmd var dagana 22. júní til 4. júlí. Úrtakið var 2.000 einstaklingar 18 ára og eldri. Svarhlutfallið var 50,8 prósent.

Í svari frá Lilju Alfreðsdóttur ferðamálaráðherra segir að gjaldtaka í greininni sé til skoðunar. Fyrirhugað sé að ráðast í tekjuöflun af ferðamönnum frá og með 2024.

„Unnið verður að breytingum á fyrirkomulagi gistináttagjalds í samvinnu við greinina og sveitarfélögin með það að markmiði að sveitarfélögin njóti góðs af gjaldtökunni," segir í svari ráðherra. ■

Opnum í dag kl. 9
NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN Í SKEIFUNNI 19!
Gómsæt opnunar-tilboð!
KRÓNAN

Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hart var sótt í gær að Boris Johnson

erlamaria@frettabladid.is

BRETLAND Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, var til svara í breska þinginu rétt fyrir hádegi í gær, þar sem þingmenn þjörmuðu að ráðherranum vegna afsagna fjölda ráðherra og upplausnar innan ríkisstjórnarinnar.

Á einum degi sögðu sautján ráðherrar af sér. Þetta er í fyrsta skipti í sögu breskra stjórnmála sem jafn margir ráðherrar segja af sér á svo stuttum tíma. Fyrri metfjöldi afsagna eru ellefu frá árinu 1932.

Alls hafa fjörutíu og einn ráðherra og aðstoðarráðherra sagt af sér.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun var Johnson enn á fundi í Downingstræti 10 með tveimur hópum ráðherra bresku ríkisstjórnarinnar.

Að sögn breskra fjölmiðla mættu ráðherrarnir til fundar við Johnson, án þess að boðað hefði verið til slíks fundar, til þess að setja þrýsting á hann til að segja af sér. ■

Mótmæla banni á trans konur

Blásið var til kröfufundar fyrir utan höfuðstöðvar ÍSÍ vegna ákvörðunar Sundsambands Íslands um að styðja tillögu sem bannar trans konum að keppa í kvennaflokki á heimsmeistaramótinu í sundi. Skipuleggjendur segja bannið ýta jaðarsettum hópi enn lenga út á jaðarinn og jafnvel aftur inn í skápinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Afgönsk hetja komist til öruggs lands

thorgrimur@frettabladid.is

AFGANISTAN Árni Þór Arnþórsson, aðstoðarrektor American University of Afghanistan, AUAF, í Kabúl, vonast til þess að hetja frá Afganistan komist undan ofsóknum Talibana og til öruggs lands.

Í grein í Fréttablaðinu í dag segir Árni sögu „Abduls“ en líf hans var í hættu á laugardaginn þegar eftirlitsmenn Talibana bönkuðu upp á heima hjá honum. Höfðu þá nýlega verið gerðar tvær skot- og sprengjuárásir í grenndinni.

Árni lýsir Abdul sem tölvunörd. Frá því Kabúl féll í hendur Talibana hafi hann margoft lagt á sig hættuferðir til vegabréfaskrifstofunnar í Kabúl. Þar hjálpi hann nemendum AUAF að fá eða endurnýja vegabréf.

„Þetta skapar alltaf hættu þar sem Talibanar handtaka alla sem reyna þetta.“

Árni segir að lífi Abduls stafi hætta af stjórn Talibana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Til allrar hamingju þyrmdu Talibanarnir lífi Abduls, í þetta sinn. Þeir fundu ekkert sem tengdi Abdul við árásirnar eða við bandaríska háskólann og höfðu sig því á brott um miðnætti en skildu eftir verði.

„Ef [Abdul] kemst til Pakistan með fjölskylduna þá þarf ég að finna út hvernig við getum komið honum eitthvert annað, til lands sem hefur not fyrir mann eins og hann. Hann er hetja.“ ■ SJÁ SÍÐU 14

Brandugla réðst á skokkara

Tempóhlaup hjá konu á Suðausturlandi breyttist snarlega í hröðustu heimferð sögunnar þegar ugla gerði árás. Fuglinn hefur væntanlega verið að vernda unga sína.

bth@frettabladid.is

HORNAFJÖRÐUR Þórgunnur Torfadóttir, sviðsstjóri á Hornafirði, lenti í þeirri lífsreynslu í fyrradag að brandugla réðst ítrekað að henni þegar Þórgunnur var úti að skokka. Fuglafræðingur segir svona tilvik ekki algeng.

„Ég var úti að hlaupa og akkúrat að taka smá tempóhlaup, var að reyna á mig. Þá flýgur fugl á móti mér og ég hugsa: Ansi er þetta lágfleygur mávur,“ segir Þórgunnur.

Nær og nær færðist fuglinn.

„Svo fer hann að hvæsa og hvæsa, lætur mjög illa. Þá sé ég að þetta er ekki mávur heldur ugla. Og svo kemur hún niður að mér aftur og aftur og hvæsir með þvílíku óhljóðunum.“

Þórgunnur sá að ekki varð unað við svo búið og svaraði uglunni í sömu mynt. Hún öskraði og hvæsti og sveiflaði höndunum líkt og óð væri. Uglan hörfaði þá með semingi en þegar rimman stóð sem hæst var aðeins rúmur metri frá andliti Þórgunnar og uglunnar, sem hefur beittar klær.

Þórgunnur sneri þá við og hljóp til baka, hélt hún væri sloppin.

„En þá sé ég skugga koma aftan að mér og hugsa: Nei, ekki þú aftur! Hljóp eins hratt og ég gat og loks gat ég losnað við hana.“

Þótt atlaga uglunnar minni ögn á Hitchcock-hrylling, var Þórgunni þó ekki meira brugðið en svo að henni tókst að taka mynd í öllum látunum. Hún segir þekkt að skúmar, kríur, kjóar, mávar og jafnvel skógarþrestir goggi í fólk, en þetta hafi sannarlega komið henni á óvart.

„Ég var með hárið í tagli og það eru uppi vangaveltur um hvort uglan hélt að taglið væri mús, skott á ref eða eitthvað,“ segir Þórgunnur létt í bragði. Hún telur þó líklegra að varptíminn sé skýringin.

Björn Arnarson hjá Fuglaathugunarstöð Suðausturlands staðfestir það. Hann segir svona hegðun hjá uglum hér á landi ekki algenga en komi þó fyrir einmitt á þessum árstíma. Uglan hafi verið að vernda unga sína í grennd.

„Hún passar mjög vel upp upp á ungana sína en þessi hefur verið óvenjuárásargjörn,“ segir Björn.

Þórgunnur mun ekki setja þessa lífsreynslu á topp tíu yfir ógnir mannsævinnar þótt hjartað hafi tekið nokkur aukaslög.

„Skúmarnir eru verstir. Þeir steypa sér niður að manni eins og orrustuflugvélar en þeir eru ekki með svona hávaða eins og uglan. Svona ævintýri breyta því ekki að ég hef mjög gaman af fuglum,“ segir Þórgunnur, enda héraðið fuglaparadís. ■

Íslenska branduglan er fagur og dularfullur fugl. MYND/BJÖRN ARNARSSON

„En þá sé ég skugga koma aftan að mér og hugsa: Nei, ekki þú aftur!

Þórgunnur Torfadóttir, íbúi á Hornafirði

Þórgunnur tók þessa mynd af fjandvini sínum áður en rimmunni lauk.

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

ÚTSALA

Köttum niður verðið

36%

B

BERK

Þvottavél 1400 sn.
8 kg, 14 mismunandi þvottakerfi.
Hljóðstyrkur 57dB, í vindu 79dB.
Stærð: 85x47x59,5 cm. **1860471**

49.990kr
~~78.990kr~~

Vefverslun
Sendum um land allt
husa.is

40%

FERRO

Eldhústæki
Ferro Zumba.
7810100

11.390kr
~~19.990kr~~

38%

claber

Slönguhjól
Fylgir 15 m 1/2" slanga, byssa og tengi. **5081637**

4.995kr
~~7.995kr~~

30%

Sláttuvél
Bensínmótor, sláttubreidd 46 cm, 6 hæðastillingar 28-75 mm, 65 ltr., safnari. **5085301**

45.490kr
~~64.995kr~~

30%

NEXGRILL

Gasgrill Classic 3B
3ja brennara grill með hliðarhellu.
Grillflötur: 62,2x43,4 cm. **3002011**

47.590kr
~~67.990kr~~

30%

Garðstóll
Með sessu og hliðarborði.
3880005

24.490kr
~~34.990kr~~

Skoðaðu RISA útsölublaðið á husa.is

Sumarblóm **30%** afsláttur

Trjáplöntur **50%** afsláttur

Fjölærar plöntur **50%** afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



John Hinckley Jr. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hinckley segist sjá eftir tilræðinu

gar@fretttabladid.is

BANDARÍKIN John Hinckley Jr. sem skaut á Ronald Reagan, forseta Bandaríkjanna, og þrjá aðra menn árið 1981, biður um fyrirgefningu á gjörðum sínum.

Hinckley varð endanlega frjáls fyrir tveimur vikum að lokinni reynslulausn. Í þættinum Nightline á ABC sjónvarpsstöðinni kvaðst hann sjá eftir tilræðinu. Forsetinn náði sér eftir tólf daga sjúkrahúsdvöl en tveir hlutu varanleg mein

„Ég held að þeir geti ekki fyrirgefið mér og ég álasa þeim ekki," sagði Hinckley, sem kvaðst hafa þjáðst af miklu þunglyndi er hann framdi ódæðið og viljað ganga í augun á leikkonunni Jodie Foster. ■

Skipulag í miðbæ stendur áfram

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Nýju deiliskipulagi fyrir miðbæ Kópavogs verður ekki haggað, segir meirihluti úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Átta kærur bárust nefndinni frá 37 Kópavogsbúum og samtökunum Vinum Kópavogs.

Nýja skipulagið gerir ráð fyrir mikilli uppbyggingu við Fannborg og Hamraborg.

Tveir meðlimir nefndarinnar skiluðu séráliti og vildu fella skipulagið úr gildi eins og krafist var.

„Við erum ósammála þeirri niðurstöðu meirihluta úrskurðarnefndarinnar að ekki hafi verið slíkir ágallar á umhverfismati hins kærða deiliskipulags sem ráðið geti úrslitum um gildi þess." ■

Elkem hafði betur gegn ríkinu í skattadómsmáli

benediktarnar@frettabladid.is

DÓMSTÓLAR Héraðsdómur Reykjavíkur felldi í gær úr gildi úrskurð ríkisskattstjóra í máli Elkem á Íslandi ehf. gegn íslenska ríkinu, auk þess sem ríkið þarf að greiða fjórar milljónir í málskostnað.

Forsaga málsins er sú að Elkem gaf út skuldabréf að fjárhæð tæplega 1,8 milljarð króna í nóvember 2012 sem selt var til móðurfélags Elkem í Noregi, í tengslum við fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands.

Ríkisskattstjóri tilkynnti félaginu að gjaldfærslu vaxta af skuldabréfinu væri hafnað vegna skorts á

Álfheiður Ágústsdóttir, forstjóri Elkem á Íslandi

nauðsynlegri og eðlilegri tengingu við tekjuöflun félagsins. Þá taldi ríkisskattstjóri fullt tilefni til að leggja 25 prósenta álag á vanframtalinn stofn.

Í niðurstöðu héraðsdóms kom fram að ekki yrði fallist á þá túlkun skattsins að lánsfjárhæð skuldabréfsins og þar með þau vaxtagjöld sem voru greidd af henni hafi verið ótengd rekstri félagsins.

> Deilt var um hvort Elkem mætti færa vexti af 1,8 milljarða króna láni frá móðurfélagi sínu í Noregi sem gjöld.

Í því tilviki sem hér um ræðir var lánið þáttur af fjármagnsskipan félagsins og rekstrarfjármunirnir á því ári sem skuldabréfið var gefið út nýttir til fjárfestinga og niðurgreiðslna á skuldum.

Héraðsdómur felldi því úr gildi úrskurð ríkisskattstjóra og er íslenska ríkinu gert að greiða fjórar milljónir í málskostnað.

Álfheiður Ágústsdóttir, forstjóri Elkem á Íslandi vill ekki tjá sig um niðurstöðu héraðsdóms að svo stöddu. ■

Aldís verður að hætta sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, verður ekki kjörgeng til stjórnarsetu í Sambandi íslenskra sveitarfélaga og mun því ekki bjóða sig fram til áframhaldandi formennsku í haust. Þetta varð ljóst eftir að Aldís ákvað að flytja lögheimili sitt fyrr í vikunni.

ggunnars@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNIR Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga er kjörinn til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Til að gegna formennsku eða sitja í stjórn sambandsins þurfa frambjóðendur að vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn.

Aldís Hafsteinsdóttir er varamaður í bæjarstjórn Hveragerðis en hefur jafnframt gegnt formennsku Sambandsins síðustu fjögur ár.

En þar sem hún hefur verið ráðin sveitarstjóri Hrunamannahrepps og hyggst flytjast búferlum frá Hveragerði verður hún ekki lengur kjörgeng til formanns Sambandsins .

Aldís hafði hug á að búa áfram í Hveragerði um sinn og gegna formennsku Sambandsins áfram, en eftir að hafa lagst yfir stöðuna ákvað hún að réttast væri að einbeita sér alfarið að Hrunamannahreppi.

„Ég er búin að hugsa þetta vandlega síðustu vikur og fara yfir mína stöðu. Þetta er niðurstaðan og mér finnst einfaldlega rétt og heiðarlegast að færa mig um set yfir í sveitarfélagið sem mun eiga hug minn allan næstu fjögur árin."

Aldís segist vilja helga sig alfarið nýjum verkefnum í Hrunamannahreppi næstu fjögur árin. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Ég er búin að hugsa þetta vandlega síðustu vikur og fara yfir mína stöðu.
>
> Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Aldís segist eiga eftir að sjá eftir formannsstarfinu sem hafi vissulega verið krefjandi. „Það hefur ekki verið nein lognmolla á sveitarstjórnarstiginu síðustu fjögur árin. Það er alveg ljóst. En þetta hefur líka verið ákaflega skemmtilegur tími."

„Ég hefði svo gjarnan viljað halda áfram en framboð til formennsku hjá Sambandinu er háð því að viðkomandi sé kjörinn fulltrúi og því er þetta niðurstaðan."

Aldís sat lengi í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en hún varð formaður. Hún hefur jafnframt gegnt stöðu bæjarstöðu í Hveragerði um árabil.

„Ég er búin að vera lengi í þessu og veit þess vegna hvað það skiptir miklu máli fyrir sveitarstjóra að geta helgað sig brýnum verkefnum heima fyrir."

„Þau lúta fyrst og fremst að því að gæta hagsmuna íbúanna og það er á þeim grunni sem þessi ákvörðun er í raun tekin," segir Aldís.

Heimildir Fréttablaðsins herma að nokkrir bæjar- og borgarfulltrúar hafi hug á að bjóða sig fram til formennsku nú þegar ljóst er að Aldís stígur til hliðar.

Rósa Guðbjartsdóttir er talin líkleg, enda hefð fyrir því að formaður Sambandsins komi úr röðum Sjálfstæðisflokks. Rósa hættir sem bæjarstjóri Hafnarfjarðar eftir tvö ár.

Jón Björn Hákonarson, sveitarstjóra Fjarðabyggðar og ritari Framsóknarflokksins, hefur einnig verið nefndur sem mögulegur formaður, enda með langa reynslu af stjórnarsetu hjá Sambandinu.

Þá hafa bæði Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, og Heiða Björg Hilmarsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingar, verið nefnd í tengslum við formannsstólinn. Hermt er að mörgum þyki tímabært að fulltrúi fjölmennasta sveitarfélags landsins fái formannsstólinn.

Framboðsfrestur rennur út 15. júlí næstkomandi en kjörið sjálft fer fram með rafrænum hætti í næsta mánuði. Nýr formaður mun svo taka við af Aldísi á Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður á Akureyri í september. ■

FÆRÐIN ER ALLTAF GÓÐ

Leyfðu Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid að spreyta sig á krefjandi slóðum. Leiðin verður rafmögnuð.

5 ÁRA ÁBYRGÐ | 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI | PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA Jeep

© Inter IKEA Systems B.V. 2022

ÚTSALAN
er hafin

Verslun opin **11-20** alla daga – IKEA.is

Mafíósi framseldur eftir 28 ár á flótta

ninarichter@frettabladid.is

Rocco Morabito. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ÍTALÍA Rocco Morabito, mafíuforingi sem talinn er einn umsvifamesti fíkniefnasmyglari heims, er nú í Róm eftir framsal frá Brasilíu.

Interpol handsamaði Morabito í fyrra eftir 28 ár á flótta, með stuttri viðkomu í fangelsi í Úrúgvæ.

Morabito var í 2. sæti á lista yfir eftirlýsta mafíósa á Ítalíu. Hann var dæmdur í þrjátíu ára fangelsi í Mílanó árið 2001 fyrir eiturlyfjasmygl á vegum skipulögðu glæpasamtakanna 'Ndrangheta. Eru viðskiptin talin hafa hlaupið á mörgum milljörðum evra. ■

Reykjavíkurborg

Slembival í íbúaráð

Haustið 2019 tóku til starfa níu íbúaráð Reykjavíkurborgar. Innan íbúaráða á sér stað samráð íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda.
Fulltrúar í íbúaráðunum eru kjörnir í borgarstjórn, skipaðir af grasrótarsamtökum í hverfunum og einn valinn með slembivalsaðferð. Með slembivali er átt við að einn fulltrúi í hvert íbúaráð er valinn af handahófi úr hópi borgarbúa sem náð hafa 18 ára aldri og boðið að taka sæti í viðeigandi íbúaráði.

Íbúaráðin voru samþykkt sem tilraunaverkefni til ársloka 2020, en þann 10. febrúar 2022 samþykkti Borgarráð að festa íbúaráðin í sessi til frambúðar. Sérstök athygli er vakin á því að þátttaka í íbúaráðum byggist ávallt á samþykki þeirra sem fá boð um þátttöku.

Til að fá upplýsingar um íbúaráðin, slembivalið og réttindi borgarbúa samkvæmt persónuverndarlögum bendum við á vefinn okkar https://reykjavik.is/slembival-fyrir-ibuarad en einnig er hægt að hafa samband við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar í síma 665-4862 milli kl. 09:00 og 16:00 virka daga. Þá má senda okkur fyrirspurn á slembival@reykjavik.is.

Random Selection to the Residents' Councils

In the autumn of 2019, 9 new residents' councils were founded/established. The residents' councils consult with residents, NGO's, the business community and City authorities. Each council consists of elected representatives, representatives from active grassroots organisations and one individual chosen by random selection. The random selection means that one representative is selected randomly from the residents within the district and is invited to take a seat on the council, the individual must be at least 18 years of age.

The residents' councils were approved as a pilot project until the end of 2020, but on February 10th the City Council agreed to extend the project permanently. It is important to note that participation in the councils is always dependent on the consent of those who have been invited to participate.

For more information about the residents' councils, the random selection, or the rights of residents according to data protection and the processing of personal data laws please see https://reykjavik.is/slembival-fyrir-ibuarad. You may also send an email to slembival@reykjavik.is or phone The Reykjavik Human Rights and Democracy Office at 665 4862 on weekdays between 9 am - 4 pm.

Losowanie do Rad Mieszkańców

Jesienią 2019 roku utworzono 9 nowych Rad Mieszkańców. Rady mieszkańców są platformą konsultacyjną dla mieszkańów, organizacji pozarządowych, środowiskich biznesowych i władz Miasta Reykjavik. Każda rada składa się z przedstawicieli wybranych w wyborach, przedstawicieli aktywnych organizacji pozarządowych oraz jednej osoby wybieranej w drodze losowej. Wybór losowy oznacza, że jeden przedstawiciel jest wybierany losowo spośród mieszkańców danej dzielnicy i jest zapraszany do zajęcia miejsca w radzie, osoba ta musi mieć ukończone 18 lat.

Rady mieszkańców zostały zatwierdzone jako projekt pilotażowy do końca 2020 roku, jednak 10 lutego 2022 Rada Miasta wyraziła zgodę na przedłużenie projektu na stałe. Przypominamy, że udział w radach jest uzależniony od zgody osób, które zostały do nich wybrane w drodze losowania.

Więcej informacji na temat rad mieszkańców, losowania, lub praw mieszkańców zgodnie z przepisami o ochronie danych osobowych i ich przetwarzaniu można znaleźć na stronie https://reykjavik.is/slembival-fyrir-ibuarad . Zapytania można również wysłać na e-mail slembival@reykjavik.is lub zadzwonić do Biura Praw Czlowieka i Demokracji Miasta Reykjavik tel. 665 4862 w dni powszednie w godzinach 9.00-16.00.

Umfangsmiklar netnjósnir stundaðar um neytendur

Persónu- og hópnjósnir stórfyrirtækja færast í vöxt, að sögn Neytendasamtakanna. Margs konar alvarlegar afleiðingar. Þingmaður segir ástæðu til að hafa áhyggjur.

bth@frettabladid.is

Formaður Neytendasamtakanna segir að algrímið viti jafnvel meira um neytendur en neytendur sjálfir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

NEYTENDUR „Þetta er eitt stærsta neytendamál næstu ára," segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, um njósnir sem eiga sér stað um notendur internetsins á hverjum degi.

Neytendasamtökin hafa hrundið af stað herferð og gefið út myndband á heimasíðu samtakanna þar sem vakin er athygli á umfangsmiklum netnjósnum sem eiga sér stað um neytendur á degi hverjum. Upplýsingarnar eru seldar hæstbjóðanda í því skyni að hann geti markaðssett vöru sína og höfðað til kaupenda með ýmsum hætti að lokinni greiningu á venjum neytenda og þörfum, að sögn formanns Neytendasamtakanna.

„Við leitum á Google, Google leitar á okkur. Við notum samfélagsmiðla, þeir nota okkur. Jafnvel þvottavélin okkar hefur persónuverndarstefnu," segir Breki.

Neytendasamtökin segja að stór og smá fyrirtæki safni upplýsingum um hvað okkur líkar, hvað við kaupum, þau reyni að hræða okkur, því tilfinningar selja. Þau skoði andlega og líkamlega heilsu okkar, kynhneigð, staðsetningu og stjórnmálaskoðanir. Að auki heimti sum forrit aðgang að myndum, myndavél, hljóðnema, tengiliðalista og dagatali.

„Algrímið veit oft á tíðum meira um okkur en við sjálf," segir Breki og segir sögu því til staðfestingar.

Ameríkst fyrirtæki sendi 16 ára unglingsstúlku kort og óskaði henni til hamingju með óléttuna. Foreldrar hennar urðu þessa áskynja, urðu mjög reiðir yfir lyginni og höfðu samband við fyrirtækið. Örskömmu síðar kom á daginn að stúlkan þeirra var ófrísk. Gervigreindin hafði þá fundið út að ef konur á ákveðnum aldri kaupa átta vörur af tíu eru þær sennilega óléttar.

Önnur og alvarleg skuggahlið netnjósna er að sögn Breka sá veruleiki sem við blasir í Bandaríkjunum eftir bann Hæstaréttar við þungunarrofi.

„Nú geta fyrirtæki sagt með mikilli vissu hvort kona, að líkindum ólétt, hafi ferðast á stað með þungunarrof í huga. Þá erum við að tala um lögbrot. Þetta er engin framtíðarspá, þetta er að gerast núna. Við erum komin inn í The Handmaid's Tale," segir Breki og vísar þar til dramatískrar sjónvarpsseríu um eyðingu kvenréttinda.

> Þetta er engin framtíðarspá, þetta er að gerast núna. Við erum komin inn í The Handmaid's Tale.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

Í þessu samhengi má nefna að aðgerðasinnar í Bandaríkjunum hafa hvatt notendur til að losa sig við öpp um tíðarhring, enda fylgist stóri bróðir með smáforritunum.

„Besta leiðin til að halda neytendum á Facebook er að höfða til tilfinninga og albest að halda notendum reiðum. Við erum gerð reið til að halda ákveðinni vöru að okkur, láta okkur fjárfesta í ákveðnum hlutum og fyrst þarf að breyta skoðunum okkar," segir Breki.

Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata

„Margir eru þeirrar skoðunar að þetta útskýri af hverju Bandaríkjamaður fær á internetinu allt aðrar upplýsingar um heiminn en Íslendingur. Svona getur aukið pólaríseringu manna í millum, hugmyndir fólks um heiminn verða ólíkar. Svo verður allt brjálað þegar fólk hittist í raunveruleikanum," segir Breki.

Erlendur blaðamaður komst að því fyrir skemmstu að Google og Facebook áttu um hann upplýsingar sem námu sex gígabætum af upplýsingum. Þá eru ónefnd áhrif á lýðræði, kosningaúrslit og fleira. Fjórir og hálfur milljarður notar netið daglega eða rétt um helmingur mannkyns.

Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir ástæðu til að hafa áhyggjur af þessum málum. Miklum upplýsingum sé beint að hópum með notkun á vafrakökum. Þá sé einnig ansi viðamikið net af sýktum tölvum í gangi og þær séu nýttar í markaðs- eða ábataskyni. ■

Reynt að hindra ólöglegar veiðar

thorgrimur@frettabladid.is

Samið var um samninginn á 12. ráðherraráðstefnu WTO í Genf í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

SJÁVARÚTVEGUR Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) komst í júní síðastliðnum að samkomulagi um regluverk í kringum niðurgreiðslur ríkja til sjávarútvegs eftir áratugalangar samningaviðræður.

Samkvæmt samningnum, sem var samþykktur á ráðherrafundi WTO í Genf, verður sett bann á ríkisstyrki til ólöglegra, óskráðra og óstýrðra veiða, bann við ríkisstyrkjum úr ofveiddum fiskistofnum og bann við ríkisstyrkjum til úthafsveiða.

„Samningaviðræður hafa staðið í rúma tvo áratugi og hófust fyrir tilstuðlan hóps ríkja sem kalla sig „Vini fiskins"," segir Dúi Jóhannsson Landmark, upplýsingafulltrúi matvælaráðuneytisins, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

„Ísland er í þeim hópi og hafa fastanefnd Ísland og utanríkisráðuneytið tekið virkan átt í samningaviðræðunum frá upphafi. Viðræðurnar hafa gengið treglega og lögðust í dvala um tíma en á síðustu árum hefur verið vaxandi þrýstingur á að ljúka þeim."

Dúi segir að aukinn kraftur hafi færst í viðræðurnar með tilkomu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem kveða á um að banna skuli skaðlega ríkisstyrki í sjávarútvegi. „Í fyrsta skipti er því á vettvangi WTO gert samkomulag um bann við ríkisstyrkjum vegna sjálfbærnisjónarmiða en ekki eingöngu út frá viðskiptasjónarmiðum."

Að sögn Dúa hefur samningurinn tvíþætt óbein áhrif á íslenskan sjávarútveg.

„Annars vegar geta styrkir skekkt samkeppnisstöðu fyrirtækja, en það fer eftir eðli þeirra, og hins vegar geta ríkisstyrkir til sjávarútvegs ýtt undir ofveiði og skaðað þannig fiskistofna," segir í svari Dúa.

„Þessi niðurstaða er gott fyrsta skref og bannar ríkisstyrki til skaðlegustu veiðanna. Ákveðið var að halda áfram viðræðum um að ríkisstyrkir til annarra veiða, það er innan lögsögu ríkja og á grunni svæðasamstarfs úr stofnum sem ekki eru ofveiddir, verði háðir því skilyrði að veiðarnar séu sjálfbærar." ■

LAVOR

Gott verð fyrir alla í 20 ár
2002 – 2022

Afmælistilboð á Lavor háþrýstidælum!

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Lavor STM 160 WPS háþrýstidæla með RISA-stórum aukahlutapakka

Mótor: 2500W
Þrýstingur: 160 bör
Vatnsflæði: 510 l/klst.

31.196

Áður ~~38.995~~ kr.

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Lavor Predator 180 Digital háþrýstidæla með aukahlutapakka

Mótor 2500W
Þrýstingur Max: 180 bör
Vansflæði: 510 l/klst.

35.992

Áður ~~44.990~~ kr.

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Lavor LVR4 Plus 160 WPS háþrýstidæla með aukahlutapakka

Mótor: 2500W
Þrýstingur Max:160 bör
Vatnsflæði Max: 510l/klst.

31.992

Áður ~~39.990~~ kr.

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Lavor Cruiser 200 háþrýstidæla

Mótor: 2300W kolalaus induction
Þrýstingur Max: 200 bör
Vatnsflæði Max: 300 l/klst.
Hose Reel-In-Pressure kerfi

47.992

Áður ~~59.990~~ kr.

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Lavor Galaxy 150 háþrýstidæla

Mótor: 2100W
Þrýstingur Max:150 bör
Vatnsflæði Max: 450l/klst.

23.992

Áður ~~29.990~~ kr.

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Lavor HPC Wave up 125 háþrýstidæla

Mótor: 1800W
Þrýstingur Max:125 bör
Vatnsflæði Max: 400l/klst.

19.192

Áður ~~23.990~~ kr.

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Lavor HPC Fast 120 háþrýstidæla

Mótor: 1700W
Þrýstingur Max:120 bör
Vatnsflæði Max: 330l/klst.

11.992

Áður ~~14.990~~ kr.

SENDUM UM LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla í 20 ár
2002 – 2022

Breskur maður mótmælir Boris Johnson forsætisráðherra fyrir utan neðri málstofu breska þingsins. Stjórn Johnsons stendur nú á brauðfótum eftir hrinu afsagna ráðherra og embættismanna Íhaldsflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Múslimar í Delí á Indlandi eru að setja upp geitamarkaði í tilefni af hátíðinni Eid al-Adha, sem haldin er til að minnast fórnfýsi Abrahams. Hátíðin hefst á laugardagskvöld og síður er að slátra þá dýri og deila þriðjungi kjötsins með fátækum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Haluk Bayraktar, framkvæmdastjóri tyrkneska vopnafyrirtækisins Baykar, fundar með Petro Besjta, sendiherra Úkraínu í Litáen, og litáíska varnamálaráðherranum Arvydas Anusauskas. Litáar hyggjast gefa Úkraínumönnum þennan Baykraktar TB2-bardagadróna til að nota í stríðinu gegn Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Belgíski hjólreiðakappinn Wout Van Aert sportar gulri treyju á leiðinni frá Lille til Arenberg í Tour de France-keppni ársins 2022. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Spánverjar fá að halda almennilega upp á San Fermín-nautahlaupshátíðina í fyrsta sinn í tvö ár í júlí. Hátíðinni hefur verið aflýst síðustu tvö ár vegna kórónaveirunnar en nú fá menn og dýr að sletta úr klaufunum á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

OPIÐ HÚS

Sunnudaginn 10. júlí, kl. 14 - 20



Langur sölusýningardagur
kíktu við eftir helgarfríið

NÝJAR ÍBÚÐIR Í 104 REYKJAVÍK

NÝTT!

VOGABYGGÐ

ARKARVOGUR 10-12 OG DRÓMUNDARVOGUR 2

- 2ja - 5 herbergja íbúðir.
- Stærðir frá 58,8 fm til 151,6 fm.
- Verð frá 59,9 millj.
- Margar útsýnisíbúðir.
- Flestar svalir og sérafnotafletir til suðurs.
- Bílastæði í bílakjallara með öllum íbúðum.

ATH!
Öll tilboð gilda til þriðjudagsins 12. júlí.

Bókaðu einkaskoðun





Sýnishorn af íbúðum





NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Heimir
Lögg. fasteignasali
849 0672
heimir@fastlind.is

Hlynur
Lögg. fasteignasali
697 9215
hlynur@fastlind.is

Diðrik
Lögg. fasteignasali
647 8052
diddi@fastlind.is

VILDARKORT LIND FASTEIGNASALA

Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá eftirfarandi fyrirtækjum

DORMA · VÍDD

Húsagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z-brautir & gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afsláttur gildir ekki á útsölum.

LIND FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Nefndarmenn í peningastefnunefnd voru frekar harðorðir á síðasta vaxtaákvörðunarfundi og í viðtölum eftir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þetta snýst allt um verðbólguna

Valdimar Ármann

forstöðumaður eignastýringar Arctica Finance

> Það er á suman hátt verið að refsa saklausum heimilum og fyrirtækjum fyrir hækkandi hrávöruverð, erlenda peningaprentun og fjármálalega tilraunastarfsemi.

Þetta snýst allt um verðbólguna. Það þarf ekki að rifja upp hraða og þráláta hækkun verðbólgunnar en í síðustu viku mældist hún 8,8% síðastliðið ár. Hins vegar má benda á það hversu miklu aðalhlutverki verðbólgan gegnir þessi misserin og hversu mikil áhrif hún er að hafa á hagkerfin og fjármálamarkaði. Um leið og verðbólgan fer að lækka þá er svigrúm til að lækka vexti aftur; það hefur alltaf verið ljóst og Seðlabankinn ítrekaði þetta á síðasta vaxtaákvörðunarfundi þann 22. júní. En hvernig náum við verðbólgunni niður? Ein helsta vísbending um viðsnúning verðbólgunnar er þegar hægjast fer á hækkunartakti íbúðaverðs og verð á hrávörum fer að lækka. Nefndarmenn í peningastefnunefnd voru frekar harðorðir á síðasta vaxtaákvörðunarfundi og í viðtölum eftir hann og ítrekuðu að mikilvægt væri að hækka vextina hratt til að hamla annarrar umferðar áhrifum verðbólgunnar, sem myndu annars lýsa sér í auknum almennum verðhækkunum samhliða auknum launakröfum.

En því miður er þetta vaxtahækkunarraus ekki lengur trúverðugt eitt og sér, og markaðurinn er ekki að gera ráð fyrir að verðbólgubaráttan vinnist næstu árin, en verðbólguvæntingar hækkuðu þó nokkuð í aðdraganda vaxtaákvörðunar og ágerðist verðbólguóttinn sérstaklega í ljósi þess að ekkert lát er á hækkunum íbúðaverðs. Þó að vaxtahækkunin í byrjun maí hafi skilað sér í lækkandi verðbólguálagi þá er ekki sömu sögu að segja nú og veldur það þó nokkrum áhyggjum hversu lítil kjölfesta verðbólguvæntinga er orðin, sem gefur til kynna að trúverðugleiki Seðlabankans sé takmarkaður.

Enda er erfitt fyrir Seðlabankann að standa einn í þessari baráttu með vaxtatækinu. Það er á suman hátt verið að refsa saklausum heimilum og fyrirtækjum fyrir hækkandi hrávöruverð, erlenda peningaprentun og fjármálalega tilraunastarfsemi ásamt framboðsskorti á húsnæði. Hér á landi þarf markvisst að styðja við framboð á húsnæði enda ljóst að viðvarandi mannfjöldaaukning hérlendis krefst þess að sífellt þarf að byggja húsnæði til viðbótar við skortinn sem er til staðar. Hvatar fyrir banka til að lána til framkvæmda og beina lánveitingum í þá átt er eitt tæki sem Seðlabankinn gæti beitt á skilvirkari hátt.

Til viðbótar má síðan benda á það enn og aftur, enda kallar Seðlabankinn sterkt á það, að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld standi sína vakt samhliða Seðlabankanum í því að kveða niður verðbólgudrauginn. ■

Ef kaupin ganga ekki í gegn verður Síminn áfram eigandi Mílu en Síminn er búinn að marka sér þá stefnu að verða ekki lengur eigandi Mílu, að lokinni stefnumótun árið 2021. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ákvörðun SKE muni fæla erlenda fjárfesta frá landinu

Viðmælendur Markaðarins segja að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að heimila ekki kaup franska sjóðastýringarfyrirtækisins Ardian á Mílu að óbreyttu séu neikvæðar fréttir fyrir íslenskt hagkerfi. Einn kemst svo að orði að með henni sé verið að gera fjárfestingaumhverfið fjandsamlegt fyrir erlendar fjárfestingar, sem fyrir sé þungt í vöfum.

magdalena@frettabladid.is

Samkeppniseftirlitið, SKE, tilkynnti í lok dags á þriðjudag að kaup franska sjóðastýringarfyrirtækisins Ardian á Mílu muni ekki fara í gegn án skilyrða. Í frummati eftirlitsins kemur fram að kaupin muni hindra virka samkeppni, sem kom mörgum á óvart því þarna er verið að rjúfa eignatengsl í virðiskeðjunni. Innviðir og þjónusta verði ekki lengur á sömu hendi, en sameiginlegt eignarhald á báðum þessum þáttum hefur Samkeppniseftirlitið sjálft gagnrýnt.

Viðbúið var að Samkeppniseftirlitið myndi koma með einhverjar athugasemdir við kaupin, að sögn viðmælenda Markaðarins. Samkeppniseftirlitið leitist oft og tíðum við að setja mark sitt á samkeppnismarkaði, að þeirra sögn.

Kaup Ardian á Mílu vöktu mikla athygli á síðasta ári en um er að ræða stærstu fjárfestingu síðari ára hér á landi. Viðskiptin voru valin viðskipti ársins að mati fjölskipaðrar dómnefndar Markaðarins og sagði Orri Hauksson, forstjóri Símans, í viðtali í áramótablaðinu að viðskiptin hefðu mikla þýðingu fyrir Ísland. Virði viðskiptanna er 78 milljarðar króna og söluhagnaður Símans er áætlaður 46 milljarðar.

Í ljósi þessa neikvæða frummats Samkeppniseftirlitsins sem nú liggur fyrir, eru alla jafna tveir kostir í boði fyrir samrunaaðila að sögn lögfræðings sem Markaðurinn ræddi við. Annars vegar geta samningsaðilar mótmælt frummatinu og freistað þess að snúa því við og hins vegar, sá kostur sem talinn er líklegri, geta þeir óskað eftir sáttaviðræðum við Samkeppniseftirlitið um möguleg skilyrði sem hægt er að setja samrunanum og séu til þess fallin að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem SKE telur að myndu leiða af samrunanum.

> Vegna stærðar sinnar og orðspors er Ardian allra síst sá evrópski sjóður sem Ísland vill að lendi í vondri reynslu og hrakningum hér á landi.“

Skemmst er að minnast þess að þegar N1 keypti Festi og Hagar keyptu Olís var sáttaviðræðnaleiðin farin. Þær sáttaviðræður enduðu með því að N1 og Hagar urðu að selja frá sér tilteknar bensínstöðvar og matvöruverslanir.

Einn viðmælandi Markaðarins sem hefur reynslu af fjarskiptamarkaði segir ákvörðun SKE í máli Mílu afar sérstaka og til þess fallna að fæla erlenda fjárfesta frá landinu.

Þessi ákvörðun skjóti í raun skökku við þar sem kaupunum sé ætlað að brjóta upp lóðrétta samstæðu. Hann segir að hér sé dæmi um opinbera stofnun sem virðist vera að verja aðra opinbera starfsemi. Það beri ekki á öðru, að hans mati, en að Samkeppniseftirlitið óttist að Ljósleiðarinn, sem er opinbert fyrirtæki, muni eiga í höggi við erfiðari keppinaut en fyrr og að samkeppni við það fyrirtæki verði beinskeyttari hér eftir.

Viðmælendur sem Markaðurinn ræddi við telja að það sé ámælisvert að þessi ákvörðun ókjörinna fulltrúa gangi í berhögg við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um að laða erlenda fjárfestingu til landsins, sem þegar er lítil í alþjóðlegum samanburði.

Efast má um að þessir erlendu fjárfestar hafi lent í jafn löngu og erfiðu ferli í mun stærri löndum og miklu stærri fjárfestingum. Yfirleitt reyna fagfjárfestar eins og Ardian, sem eru meðal stærstu sjóðastýringarfyrirtækja Evrópu, allt sem í þeirra valdi stendur til þess að haga viðskiptasamningum þannig að þeir hljóti blessun yfirvalda í þeim löndum þar sem þeir fjárfesta.

Ef svo fer að kaupin á Mílu gangi ekki í gegn leiðir það til slæmra afleiðinga fyrir land og þjóð, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Ef kaupin ganga ekki í gegn verður Síminn áfram eigandi Mílu en Síminn er búinn að marka sér þá stefnu að verða ekki lengur eigandi Mílu, að lokinni stefnumótun árið 2021. Síminn gæti horfið frá þeirri stefnu, eða haldið sig við hana og hafið leit að nýjum kaupendum, sem þá væru væntanlega íslenskir. Berast þá böndin helst að lífeyrissjóðum, sem þegar eru fyrirferðarmestu fjárfestarnir á Íslandi.

„Afleiðingarnar yrðu hins vegar afdrifaríkari fyrir landið í heild. Þótt búast megi við að viðskipti muni klárast að lokum, er kerfið að gera erlendum fjárfestum erfitt fyrir. Erlend fjárfesting á Íslandi er lítil og íslenskt stofnanakerfi er í raun að gera umhverfið erfiðara fyrir þessa erlendu aðila, þvert ofan í það sem lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar segjast ítrekað stefna að,“ segir einn viðmælenda Markaðarins.

Sett hafi verið lög vegna sölu Mílu, félagið hafi gert sérstakan samning við ríkið, Fjarskiptastofa hafi gert miklar athugasemdir við kaupin og nú sé Samkeppniseftirlitið að flækja málið á síðustu metrunum.

„Vegna stærðar sinnar og orðspors er Ardian allra síst sá evrópski sjóður sem Ísland vill að lendi í vondri reynslu og hrakningum hér á landi.“ ■

DVERGARNIR®

AUÐVELT, FLJÓTLEGT OG ÖFLUGT

BYGGINGAKERFI

Bestu undirstöðurnar fyrir

SÓLPALLINN

SUMARHÚSIÐ

GIRÐINGUNA

NÝ VEFVERSLUN
dvergarnir.is

SENDUM **FRÍTT** UM ALLT LAND
ÞEGAR VERSLAÐ ER Á DVERGARNIR.IS

Við framleiðum lausnir

ÍSLANDSHÚS

Sími 577 6700 / islandshus@islandshus.is / www.islandshus.is

Horfin pólitík

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Vandi Vinstri grænna í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum og í hverri fylgiskönnun sem fylgt hefur á eftir, er hvað flokknum er farið að svipa mikið til Sjálfstæðisflokksins.

Málefnalega líður honum afskaplega vel með þessum helsta hægriflokki landsins sem lengst af á lýðveldistímanum hefur haft tögl og hagldir í íslenskum stjórnmálum – og verið eitur í beinum róttækra áhugamanna um umbætur í landinu, alþýðunni til handa.

Í stað þess að láta brjóta á málum sem sannarlega hafa skilið á milli vinstri manna og þeirra sem horfa til hægri, sitja ráðamenn Vinstri grænna sallarólegir við ríkisstjórnarborðið þar sem gömlu baráttumálunum er beinlínis fórnað til að halda Sjálfstæðisflokknum að völdum.

Það er svo alveg í anda þessa alls að sjálfur foringi flokksins er slíkur mannasættir í eðli sínu að ógerlegt er til þess að hugsa að hann steyti hnefann framan í formenn samstarfsflokkanna og aðra ráðherra þeirra sem fyrir vikið hafa það heldur náðugt í stólunum sínum.

Í minningunni birtist myndin af fyrrverandi formanni Vinstri grænna í ræðustól Alþingis þar sem hann hraunaði með eftirminnilegum tilþrifum yfir ángskotans auðhyggjuna og allt hennar ógurlega lið. Þá var nú töluð norðlenskan. Og í endurlitinu bregður líka fyrir óþekkasta þingflokki landsins sem hvikaði aldrei frá sannfæringu sinni – og var fyrir vikið líkt við villiketti.

Nú er uppi annar tími. Á síðustu árum hefur VG nefnilega breyst í latan og værukæran innikött sem fær ekki lengur að fara út í garð til að gera einhvern óskunda. Hann þarf ekki lengur að brýna klærnar og það er löngu hætt að blika á vígalegar tennur hans.

Og það sem er hvað undarlegast, í ljósi sögu hans um og upp úr aldamótum, er hvað hann er orðinn undirgefinn eiganda sínum, sjálfum Sjálfstæðisflokknum.

Í hverju málinu af öðru leggur hann niður skottið. Jafnvel í umhverfismálum færir hann náttúruna úr verndarflokki í biðflokk til að geðjast samstarfsflokkunum. Og dýraverndin er honum ekki hugstæðari en svo að hann leyfir miskunnarlaust blóðmerahald áfram og lætur langreyðarkýrnar kveljast enn um sinn á hafi úti.

Jafnvel því stóra réttlætismáli að þjóðin fái sanngjarnan skerf af ofboðslegum hagnaði útgerðarinnar er velt fram yfir næstu þingkosningar með stofnun svo stórrar nefndar að engu verður breytt. Svo er óþarfi að minnast á stjórnarskrármálið. Eða NATÓ.

Þetta er vandi VG. Pólitík flokksins er horfin. ■

> Á síðustu árum hefur VG nefnilega breyst í latan og værukæran innikött sem fær ekki lengur að fara út í garð til að gera einhvern óskunda.

Halldór

Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Tenerife frekar
Eitthvað er það svo óendanlega íslenskt í eðli sínu og umgjörð að ein stakasta nótt á hefðbundnu hóteli hér á Íslandi í júlí kosti álíka mikið og sólarlandaferð til eyjunnar Tenerife undan Afríkuströndum. Og alveg er það í sama anda þessa alls að nóttin á sama hóteli hækki þeim mun meira í verði eftir því sem minni líkur eru á því að hún verði tekin. Það eru sumsé engin tilboð í gangi fyrir þá gesti sem koma inn í móttökuna á síðustu stundu, heldur þvert á móti, verðið fyrir gistinguna er þá komið endanlega upp fyrir rjáfrið.

Átak in memoriam
Og það er vitaskuld alveg í þessum takti – og skrifast sem hefðbundinn kafli í Íslandssöguna – að það mikla og vel heppnaða átak ferðamálayfirvalda og ráðamanna túrismans hér á landi frá því á síðasta og þarsíðasta sumri, sem fólst í því að landinn ferðaðist innanlands, hefur nú algerlega verið troðið ofan í ruslatunnuna. Það hefur enginn venjulegur Íslendingur lengur efni á að ferðast um eigið land, nema ef vera kynni að hann tjaldi í óleyfi í eyðidölum og hafi smurt og sultað og blandað drykkina sína heima fyrir brottför úr bænum. ■

Virk og öflug vernd mannréttinda

Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

> Ég hef lagt á það áherslu að Ísland sé leiðandi þegar kemur að mannréttindum.

Við á Íslandi höfum borið gæfu til að samþykkja mörg framfaramál sem varða réttindi fólks á undanförnum árum á sama tíma og sjá má bakslag víða í heiminum. Í þessum málum er barátta hagsmunahópa mikilvæg en að sjálfsögðu ræður vilji stjórnvalda á hverjum stað í raun úrslitum um hver staðan verður, eins og mörg dæmi eru um nýverið. Hér á landi verður áfram unnið í slíkum framfaramálum.

Í stjórnarsáttmála er kveðið á um að sett verði á stofn öflug, óháð mannréttindastofnun sem þarf að uppfylla ákveðin almenn skilyrði sem sett eru fram í viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna. Viðmiðin gera ráð fyrir sjálfstæði slíkra stofnana frá stjórnvöldum. Við myndun nýrrar ríkisstjórnar voru mannréttindamál færð til forsætisráðuneytis frá dómsmálaráðuneyti og hófst í kjölfarið vinna við grænbók um mannréttindi.

Við vinnu við grænbók er upplýsingum safnað um mannréttindi, þróun, tölfræði, samanburð við önnur lönd og teknar saman mismunandi leiðir til að mæta þeim áskorunum sem við blasa í mannréttindamálum.

Í hvívetna verður lögð áhersla á víðtækt samráð við vinnslu grænbókarinnar og í haust er ætlunin að standa fyrir samráðsfundum í öllum landshlutum um stöðu mannréttindamála. Í byrjun árs 2023 verða drög að grænbók kynnt í samráðsgátt stjórnvalda og gera áætlanir ráð fyrir að frumvarp um stofnunina verði lagt fram á Alþingi haustið 2023.

Mannréttindastofnanir skipta máli til að tryggja virka og öfluga vernd mannréttinda. Ég hef lagt á það áherslu að Ísland sé leiðandi þegar kemur að mannréttindum og verður tilvist mannréttindastofnunar veigamikið skref í þá átt. Mikilvægt er í þessu sambandi að tilvist slíkrar stofnunar er forsenda þess að hægt verði að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks líkt og kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Allt miðar þetta að því að við eigum öll jafnan rétt til að njóta mannréttinda án mismununar. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jón Þórisson RITSTJÓRI: Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, MARKAÐURINN: Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* ÞRÓTTIR: Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Enginn vill í Evrópusambandið!!!

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

„Það vill enginn fara í Evrópusambandið.“

Þessi tilvitnun er ekki í ræðu formanns Miðflokksins.

Kristján Kristjánsson stjórnandi Sprengisands lét þessi orð falla í þætti sínum 19. júní, daginn eftir að greint var frá því að í annað skiptið á þessu ári sýndi skoðanakönnun að miklu fleiri kjósendur styddu aðild að Evrópusambandinu en væru henni andvígir.

Pottlok

Hér á hlut að máli annar af tveimur allra bestu stjórnendum pólitískra umræðuþátta í landinu. Ummælin skrifast hugsanlega á fljótfærni og skipta litlu máli. Þau eru bara smátt dæmi um hversu þétt pottlok hefur verið sett á umræður um þetta mikilvæga álitaefni.

Það eru fyrst og fremst stjórnarflokkarnir þrír og Samtök atvinnulífsins, sem beitt hafa áhrifavaldi sínu á síðustu árum til þess að kæfa umræðu um að Ísland stígi lokaskrefið frá aðild að innri markaði Evrópusambandsins til fullrar aðildar.

Frá fólkinu

Þessi markvissa þöggunarstefna hefur haft áhrif á vettvangi stjórnmála, í atvinnulífinu, fjölmiðlum og jafnvel innan samtaka launþega. En órökstuddar alhæfingar duga ekki endalaust til að bæla niður umræður af þessu tagi.

Það áhugaverðasta við þessar tvær skoðanakannanir er að viðhorfsbreytingin, sem þær sýna, er sjálfsprottin. Hún kemur ekki í kjölfar umræðuþrýstings eða áróðursherferðar.

Fólkið finnur einfaldlega sjálft að sviptingar í alþjóðamálum kalla á endurmat á íslenskri hagsmunagæslu meðan leiðtogar atvinnulífsins og stjórnarflokkanna leggja kollhúfur.

Aðildarumsókn Finna og Svía að NATO spratt upp úr svipuðum breytingum í skoðanakönnunum. Þar tók pólitíkin forystu í umræðunni en reyndi ekki að setja pottlok á hana.

Umskipti

Þó að aðildarspurningin hafi ekki verið á dagskrá í áratug sýndu kannanir að allt að þriðjungur þjóðarinnar var henni að jafnaði fylgjandi. Nú er það tæpur helmingur, rúmur þriðjungur andvígur og aðrir óákveðnir. Þetta eru mikil umskipti.

Allir flokkar, nema Miðflokkurinn, fá rúmlega 20 prósent af fylgi sínu upp í rúmlega 80 prósent frá stuðningsfólki aðildar.

> Það áhugaverðasta við þessar tvær skoðanakannanir er að viðhorfsbreytingin, sem þær sýna, er sjálfsprottin. Hún kemur ekki í kjölfar umræðuþrýstings eða áróðursherferðar.

Á höfuðborgarsvæðinu er stuðningur við aðild mjög afgerandi. Á landsbyggðinni er hlutfallið lægra en eigi að síður eru fleiri með en á móti. Þar gætir sennilega áhrifa frá vaxandi ferðaþjónustu.

Dreifing

Þrátt fyrir formlega andstöðu VG gegn aðild eru fleiri kjósendur þess með henni en á móti. Framsókn var stuðningsflokkur aðildar fyrir 13 árum en er nú á móti. Samt er rúmlega þriðjungur kjósenda hennar hlynntur aðild.

Þegar horft er til þess að stuðningur við aðild er meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni er ljóst að þar er afgerandi meirihluti kjósenda VG fylgjandi aðild. Eins er líklegt að hátt í 40 prósent stuðningsfólks Framsóknar á því svæði séu með aðild og nokkru hærra hlutfall þeirra, sem taka afstöðu.

Ætla má að æ erfiðara verði að virða sjónarmið svo stórs hluta kjósenda að vettugi.

Hátt eða lágt?

Rúmlega fimmtungur kjósenda Sjálfstæðisflokksins styður aðild. Menn geta velt því fyrir sér hvort það er hátt hlutfall eða lágt.

Hafa má í huga að út á svipað heildarfylgi í alþingiskosningum hefur flokkurinn haft helmings áhrif í ríkisstjórn í áratug.

Í því ljósi er erfitt að segja að þetta hlutfall sé svo lágt að dæma eigi það fólk með öllu til áhrifaleysis um þetta mál.

Farvegur

Full aðild snýst um einhverja mestu hagsmuni Íslands bæði í augum þeirra sem eru með og á móti. Lýðræðislega klípan er sú að stærri hluti þjóðarinnar er nú með en meirihluti þingmanna á móti. Hvort tveggja þarf að virða.

Þetta gerist vitaskuld með fjölmörg mál. En klípan er alvarleg fyrir þá sök að svo miklir hagsmunir eru í húfi. Spurningin er stærri en svo að unnt sé að láta henni ósvarað.

Lýðræðið býr yfir farvegi til að leysa stjórnskipulegar þverstæður af þessu tagi. Það er þjóðaratkvæði.

Það er ekki gallalaus leið. Hitt er hættulegra lýðræðinu ef hún er útilokuð eða reynt verður áfram að kæfa umræðuna með fullyrðingum um að enginn vilja stíga lokaskrefið til fullrar aðildar að Evrópusambandinu. ■

Hetja

Árni Þór Arnþórsson
aðstoðarrektor American University of Afghanistan

Abdul (nafni breytt) er bara venjulegur maður. Hann kláraði sitt fag í tölvum, bætti við sig smám saman, og var duglegur. Hann vann sig upp í sínu fagi og er í dag einn af betri mönnum sem ég þekki. Abdul er rúmlega þrítugur, er giftur og á tvo stráka, 12 og 8 ára, og eina stelpu, 3 ára.

Abdul er tölvunörd sem er klár og útsjónarsamur og góður vinnufélagi. Hvað sem ég bið hann um er gert vel, með glöðu geði, og vilja til að gera betur. Síðan að Kabúl féll í hendur Talibana hefur hann margoft lagt á sig hættuferðir til vegabréfsskrifstofunnar í Kabúl, til að hjálpa nemendum í American University of Afghanistan (AUAF) að fá vegabréf eða endurnýja. Hann sér um að fá menn sem taka vegabréf til endurnýjunar yfir landamærin til Pakistan, fyrir þá sem geta ekki fengið endurnýjun vegna kerfisins. Þetta skapar alltaf hættu þar sem Talibanar handtaka alla sem reyna þetta.

Abdul vinnur í gagnabankanum sem ég nota til að koma nemendum til annarra landa. Þetta er flókið og erfitt starf. Fyrr í vor var tvisvar leitað í íbúð fjölskyldu Abduls þegar Talibanar voru í leit að vopnum. Abdul var stoppaður einu sinni úti á götu og yfirheyrður. Sem betur fer var hann ekki með neitt sem benti til að hann ynni fyrir hinn hataða bandaríska háskóla, AUAF.

Í gærkvöld (2.7.2022) var bankað á dyr hjá Abdul og elsti strákurinn hans opnaði dyrnar. Fjórir Talibanar komu inn og óskuðu eftir að skoða síma Abduls. Undanfarna tvo daga hefur verið stór fundur, kallað Loya Jirga, í háskóla sem er beint á móti blokkinni þar sem Abdul býr með fjölskyldunni. ISIS (eða Afghanistan Liberation Front) hefur ráðist á svæðið tvívegis með sprengjum og skotárásum, en þetta hefur hvergi birst í fréttum.

Abdul hafði sent mér og yfirmanni öryggismála hjá háskóla mínum myndbönd af þessum árásum, til að fá ráð um hvað hann ætti að gera. Þar sást og heyrðist hvað var í gangi, sprengjur og byssuskot. Allt þetta hafði gert börn hans skelfingu lostin, og Abdul átti erfitt með að halda í sinn innri styrkleika til að brotna ekki niður.

En þetta átti eftir að verða verra. Þegar Talibanarnir báðu um símann hans þá vissi Abdul að hann varð að láta hann af hendi. Þeir sáu myndböndin af árásunum. Strax beindu þeir vopnum sínum að Abdul og skipuðu honum á hnén. Þeir kröfðust þess að vita hvort hann hefði deilt þessu.

Elsti strákurinn hans og 85 ára faðir Abduls féllu á hné við hlið hans og grátbáðu Talibanana að þyrma lífi Abduls. Nágranni sem sá hvað var að gerast kom til hjálpar og bað Talibanana að sýna miskunn. Næstu tvær klukkustundir fóru Talibanarnir um alla íbúðina og leituðu að einhverju sem gæti sannað að Abdul væri mögulega hryðjuverkamaður fyrir ISIS eða eitthvað annað.

Abdul er sem betur fer klár og kann að fela upplýsingar á tölvunni og símunum. Þeir fundu sem betur fer ekkert, en á meðan var fjölskyldan skelfingu lostin að reyna að muna hvort eitthvað væri falið sem gæti komið upp um tengsl þeirra við háskólann og tengslin við mig sem yfirmann hans. Rétt fyrir miðnætti voru þeir búnir að leita og sáttir við að ekkert virtist benda til að Abdul væri þess virði að handtaka. Þeir sögðu honum að þeir myndu setja verði fyrir utan íbúðina næstu 24 klukkustundir. Þeir voru þar þangað til fyrr í kvöld. Abdul hringdi og sagði að þeir væru farnir. Það var mikill léttir fyrir fjölskylduna.

> En þetta átti eftir að verða verra. Þegar Talibanarnir báðu um símann hans þá vissi Abdul að hann varð að láta hann af hendi.

Ég hef sagt Abdul að athuga hvort hann geti fengið tímabundið landvistarleyfi í Pakistan. Ég er hræddur um að hann hafi tekið of miklar áhættur, að það sé nú fylgst með honum. Meira en hundrað nemendur hafa notið hans hjálpar. Hann hefur gert þetta af því að ég bað hann um það. Ég get ekki hugsað mér að biðja hann um að gera meira sem gæti sett hann í hættu. Ef hann kemst til Pakistan með fjölskylduna þá þarf ég að finna út hvernig við getum komið honum eitthvert annað, til lands sem hefur not fyrir mann eins og hann. Hann er hetja. ■

Flóttamannavandinn

Guðjón Jensson
leiðsögumaður og eldri borgari í Mosfellsbæ

Í dag er talið að yfir 100 milljónir manna séu á flótta í heiminum. Langflestir flýja heimkynni sín vegna stríðsástands í heimalandi sínu þar sem stjórnvöld hafa stundum enga stjórn á ástandinu. Ófriði er komið af stað þar sem mismunandi vitskertir valdamenn ráða lögum og lofum og vilja öllu ráða. Þá er mannréttindum og lýðræðislegum stjórnarháttum fyrst komið fyrir kattarnef til að ráða betur yfir landi og lýð með ofbeldi.

En margar milljónir flýja auk þess vegna hungursneyða af völdum þurrka og annarra náttúruhamfara.

Flóttamannavandamálið er ekki nýtt í sögunni. Fyrir meira en 2000 árum flúðu þau Jósef og María með Jesúbarnið frá heimalandi sínu til Egyptalands vegna ofríkis Heródesar konungs. Líklega er þessi litla fjölskylda þekktasta flóttafólk sögunnar.

Skömmu fyrir stríð eða um mitt ár 1938 beitti Þjóðabandalagið sér fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í Sviss. Þá var flóttamannavandinn skilgreindur þannig að um 8 milljónir manna væru á flótta, flestir Gyðingar frá sæluríki Hitlers. Í fyrstu leit út fyrir að ráðstefna þessi, sem var sú hinsta á vegum Þjóðabandalagsins, skilaði tilætluðum árangri. Mörg ríki buðust til að taka við nokkrum tugum þúsunda og gengu þátttakendur ráðstefnu undir manns hönd og settu fram nýjar hugmyndir um hvernig leysa mætti vandræði þessi sem stöfuðu af því að þáverandi þýskum stjórnvöldum þótti Gyðingum ofaukið í ríki sínu. Til allrar óhamingju hafði Þjóðabandalagið boðið þýskum stjórnvöldum að senda fulltrúa sinn fyrir kurteisissakir jafnvel þótt Hitler hefði tekið eina af sínum fyrstu umdeildu ákvörðunum, að segja Þýskaland frá Þjóðabandalaginu.

Þessi ráðstefna fór því miður út um þúfur vegna þessa þýska fulltrúa sem vann ötullega að því að sá efasemdum meðal ráðstefnufólksins. Enda fór svo að árangur ráðstefnunnar varð enginn og Þjóðabandalagið leystist nánast upp og heyrði þar með sögunni til. Um þetta má lesa í Morgunblaðinu 9. júlí 1938 en Sigurður Benediktsson var þá fréttaritari blaðsins í Kaupmannahöfn og skrifaði margar fréttir heim. Oft studdist hann við Völkischer Beobachter, málgagn þýska nasistaflokksins.

Sagt er að sagan eigi til að endurtaka sig. Já, meira að segja margoft enda sömu mistökin gerð aftur og aftur. Þessi ráðstefna hefði getað haft betri árangur, að vonin um að glíman við nasismann og þau fasísku öfl hefði skilað sér.

Þessi fasísku öfl miða að því að ýta mannréttindum og lýðræðislegum stjórnarháttum til hliðar. Hvað er að gerast núna í Rússlandi? Tyrklandi? Brasilíu og fleiri löndum þar sem lýðræði og mannréttindi eru ekki metin mikils af stjórnvöldum? ■

> En margar milljónir flýja auk þess vegna hungursneyða af völdum þurrka og annarra náttúruhamfara.

Af vettvangi Barnaverndar Reykjavíkur

Katrín Helga Hallgrímsdóttir
framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur

Barnavernd Reykjavíkur gefur nú í fyrsta skipti út ársskýrslu. Í henni er fjallað um helstu þætti í starfsemi Barnaverndar, tölfræði og fjárhagsupplýsingar. Auk þess eru úrræðum Barnaverndar gerð góð skil og fjallað um þær áskoranir sem blasa við í starfseminni.

Undir lok þessa árs heyra barnaverndarnefndir sögunni til og við tekur umdæmisráð barnaverndar sem verður sjálfstæður úrskurðaraðili í málum þar sem beita þarf þvingun eða ekki næst samkomulag við aðila máls. Að öðru leyti mun starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur, sem lögum samkvæmt fer með barnaverndarþjónustu í Reykjavík, heyra undir velferðarsvið og velferðarráð Reykjavíkurborgar.

Í skýrslunni er vikið að dómaframkvæmd hjá Mannréttindadómstól Evrópu undanfarin ár. Dómstóllinn hefur í nokkrum fjölda dóma gert athugasemdir við vinnslu barnaverndarmála í Noregi en ákveðinn samhljómur er með íslenskum barnaverndarlögum og framkvæmd þeirra og þeirri framkvæmd sem ríkjandi var í Noregi um árabil. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur kallað eftir því við mennta- og barnamálaráðuneyti að hugað verði að þessari þróun við þá endurskoðun barnaverndarlaga sem nú er í bígerð.

Í lok árs 2021 störfuðu 62 starfsmenn á skrifstofu Barnaverndar Reykjavíkur í fimm mismunandi teymum. Teymin hafa hvert sína sérhæfingu og hafa það öll að markmiði að efla og byggja upp þekkingu og tengsl við börn, foreldra og þá aðila í nærumhverfi barna sem hafa með málefni þeirra að gera og geta komið að því að styrkja aðstæður barnanna. Í skýrslunni er sagt frá teymunum, helstu verkefnum þeirra og áskorunum.

Tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur fækkaði um 6,8% milli áranna 2020 og 2021 eftir mikla fjölgun milli áranna 2019 og 2020. Tilkynningum um vanrækslu fækkaði um 4,8% en tilkynningum um áhættuhegðun um 11%. Tilkynningum um kynferðisofbeldi fjölgaði verulega milli ára eða um 50%, voru 142 árið 2020 en 213 árið 2021. Ætla má að aukin umræða um kynferðisofbeldi og ákveðin vitundarvakning eigi sinn þátt í þessari fjölgun tilkynninga. Það er fyrst og fremst hlutverk barnaverndar að koma málefnum barna í þessari stöðu í farveg í Barnahúsi þar sem málin eru könnuð og boðið upp á meðferðarviðtöl.

> Í skýrslunni er vikið að dómaframkvæmd hjá Mannréttindadómstól Evrópu undanfarin ár.

Það er von okkar að ársskýrslan varpi ljósi á það mikilvæga starf sem unnið er hjá Barnavernd Reykjavíkur og snertir fjölda barna og fjölskyldna þeirra í Reykjavík. Fram undan eru mikilvæg verkefni við uppbyggingu vistheimila á vegum Barnaverndar Reykjavíkur, auk innleiðingar á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Ársskýrslu Barnaverndar Reykjavíkur 2021 má skoða á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is. ■

Stelpurnar okkar

Stefán Pálsson
sagnfræðingur

Það vakti athygli þegar Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirliði íslenska landsliðsins, sendi skipuleggjendum EM 2022 tóninn og sagði það skammarlegt að koma leikjum mótsins fyrir á of litlum leikvöngum. Það heyrði fortíðinni til að láta sterkustu landsliðin í kvennaboltanum leika á æfingavöllum, kvað hún, þar sem það samræmdist ekki aðsókn á leiki seinustu ár.

Vissulega var vallavalið metnaðarlaust og ákvörðunin byggði á gömlum tuggum um aðsókn og áhuga almennings á kvennaknattspyrnu. Ekki bjuggust enskir skipuleggjendur við því að lítil þjóð í Norður-Atlantshafi myndi taka með sér einn stærsta stuðningsmannahópinn og þúsundir bláklæddra Íslendinga væru á höttunum eftir miðum.

Knattspyrnuiðkun kvenna á Íslandi í upphafi 20. aldar

Íþróttabyltingin í byrjun tuttugustu aldar var að miklu leyti á forsendum karla, en þó ekki einvörðungu. Á Ísafirði stofnuðu árið 1914 nokkrar unglingsstúlkur Hvöt, fyrsta kvennaknattspyrnufélagið á Íslandi. Um svipað leyti eru heimildir um stúlknaæfingar á vegum Víkings í Reykjavík. Í hvorugu tilvikinu varð mikið framhald á æfingum, meðal annars vegna neikvæðra viðbragða í umhverfinu. Þessar fyrstu tilraunir til kvennaknattspyrnu á Íslandi voru tilviljanakenndar og í smáum stíl, og fennti fljótlega yfir þær.

Strembin upphafsár – uppgangur kvennalandsliðsins

Haustið 1981 var ákveðið að stofna kvennalandslið Íslands í knattspyrnu. Eftir óheppileg úrslit gegn Skotlandi í fyrsta leik varð nokkur bið eftir því að Ísland freistaði þess að taka þátt í forkeppni stórmóts. Himinn og haf var á milli umgjarðar kvenna- og karlalandsliðsins, sem og umfjöllunar og áhorfs. Frá 1987 til 1992 lék Ísland engan A-landsleik kvenna.

Ísland tók á nýjan leik þátt í forkeppni EM 1993 og hefur ekki látið sig vanta síðan. Í fyrstu voru líkurnar á að komast í úrslitakeppnina sáralitlar, enda var þar aðeins um að ræða fjögurra liða keppni. Upp úr aldamótum tóku úrslit landsliðsins að batna jafnt og þétt. Upp var komin kröftug kynslóð knattspyrnukvenna sem fangaði athygli íþróttaáhugafólks.

Auglýsingar hitta í mark

Haustið 2001, fyrir upphafsleikinn í forkeppni HM 2003, ákvað landsliðshópurinn að hrista rækilega upp í umræðunni. Liðið birti heilsíðuauglýsingu í dagblöðum undir yfirskriftinni „Stelpuslagur“, þar sem leikmenn stilltu sér upp í sundfötum. Óhætt er að segja að allt hafi farið á annan endann og hart var deilt um hvort um væri að ræða snjalla markaðssetningu eða óheppileg skilaboð. Fyrir næstu leiki hélt liðið áfram að bregða á leik, með því að sitja fyrir í klæðnaði sem kallaðist á við þjóðerni næstu mótherja.

Árangurinn lét ekki á sér standa. Aðsókn á leiki landsliðsins glæddist mjög og fjölmiðlaumfjöllun sömuleiðis. Ekki er þó hægt að skrifa þá niðurstöðu alfarið á snjalla auglýsingahönnuði. Ísland skaut bæði Ítölum og Spánverjum aftur fyrir sig og komst í fjögurra liða umspil um eitt laust sæti í úrslitakeppninni. Þar tapaði liðið naumlega fyrir Englendingum og enn í dag hefur Íslandi ekki auðnast að komast í úrslitakeppni HM kvenna.

> Á Íslandi er þátttökuhlutfall barna og unglinga í knattspyrnu – drengja jafnt sem stúlkna – hærra en annars staðar gerist.

Íslenska leiðin

Það er mikið afrek að íslenska landsliðið hafi nú komist í úrslitakeppni EM fjögur skipti í röð. Þetta gerist á sama tíma og kvennaboltinn er í gríðarlega hröðum vexti á alþjóðavísu. Þá þróun má að hluta til rekja til þess að það varð metnaðarmál fyrir stóru félögin í Evrópu að geta einnig teflt fram kvennaliðum í fremstu röð. Þær ákvarðanir byggjast minnst á félagslegri meðvitund stóru félaganna, heldur á köldu hagsmunamati þar sem þeim varð sífellt ljósara að umtalsverður hópur stuðningsmanna kallar eftir kvennaliðum.

Á Íslandi er þátttökuhlutfall barna og unglinga í knattspyrnu – drengja jafnt sem stúlkna – hærra en annars staðar gerist. Skipulagning tómstunda og sumarfría utan um fótboltaiðkun ungviðisins er orðin sjálfsagður hluti af lífsstíl drjúgs hluta íslensku millistéttarinnar. Í foreldrahópinn sækir knattspyrnuhreyfingin bakhjarla sína og sjálfboðaliða, en þessi hópur lætur heldur ekki bjóða sér upp á að kvennaboltinn sé afskiptur og að stúlkur í íþróttinni hafi ekki fyrirmyndir til að horfa til.

Þó fráleitt sé að tala um að kynjajafnrétti ríki í íslenskum íþróttum, þá er staða kvennagreinanna sterkari hér en víðast annars staðar. Bestu knattspyrnukonurnar eru í hópi frægasta íþróttafólks landsins og sá fjöldi stuðningsmanna sem fylgir þeim á stórmótum er í frásögur færandi – eins og skipuleggjendur EM á Englandi hafa nú eftirminnilega rekið sig á. ■

Lengri útgáfu af greininni og annað efni tengt EM kvenna má finna á landsbankinn.is/aframisland

VINNINGASKRÁ

7. flokkur 2022
Útdráttur 5. júlí 2022

HAPPDRÆTTI SÍBS
Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000

73568

AUKAVINNINGAR kr. 100.000

73567 73569

PENINGAVINNINGAR kr. 500.000

15534 17890 26420 32817 40246 44135 46465 62938 67787 76521

PENINGAVINNINGAR kr. 100.000

514	9245	15012	20964	24663	27467	32836	41654	48450	50319	56471	61346	70440	74318	79631
611	10270	16195	21033	25307	27845	34155	44535	48914	50494	57441	63645	70579	74719	79636
790	10653	16628	21789	25440	27892	34510	44966	48988	51439	57498	64045	70938	76169	
819	10830	17595	22185	25645	27977	36307	46082	49106	53474	57756	69844	70960	76267	
1289	11261	18845	22211	26050	31185	37084	47224	49357	54618	60420	70068	71604	77916	
5773	11803	20340	22528	26879	31479	38027	48209	49783	55182	60463	70158	72158	79084	
7018	14875	20443	23545	27173	31987	38938	48368	49830	56072	61155	70320	73234	79620	

PENINGAVINNINGAR kr. 50.000

61	6093	10902	17279	21042	25265	31688	35920	39921	43453	47167	54497	57226	61795	65911	69102	75627
183	7005	11715	18560	21470	25528	31803	35978	40167	43578	47550	54517	57778	62328	66005	69451	76375
598	7798	11914	18761	21726	25678	32272	35992	40382	43905	47891	54538	57791	62792	66255	69926	76976
666	8195	12369	18908	21842	27251	32428	36797	40460	45376	47900	54846	58837	63133	66392	70273	77037
1178	8221	12730	19126	22549	27517	32483	36997	40530	45583	49429	54990	59068	63235	66425	71185	77460
2877	8227	14216	19142	22835	27579	33302	37086	40988	45647	50180	55687	59353	63345	67096	71925	77795
3281	8796	14544	19604	22924	27698	33962	37161	41250	46252	50758	55912	59617	63432	67178	72329	78507
4394	9136	15079	19788	23059	28351	34197	37168	41329	46746	51704	56386	59620	63440	67413	73886	78593
4441	9213	15112	19861	23544	28406	34406	37648	41543	46811	52386	56532	59923	64067	67642	74149	
5095	9554	15441	20267	23593	28519	34439	37723	42746	46820	53257	56657	60988	64559	68721	74195	
5721	9735	16238	20466	24198	28850	34566	39545	42794	46875	54071	56742	61140	64612	68949	74328	
5871	10163	17029	20681	25242	29688	35418	39744	42918	46937	54127	57110	61447	64681	69040	75214	

VÖRUÚTTEKT kr. 30.000

133	4440	11238	16165	21755	26384	31320	36037	39923	44412	49458	55033	58945	62842	67202	72761	78653
229	4610	11290	16295	21835	26480	31377	36070	40174	44685	49550	55066	58999	63117	67286	72796	78715
323	4712	11320	16310	22056	27002	31381	36102	40393	44872	49836	55075	59110	63149	67309	72819	78721
388	5248	11437	16340	22170	27307	31408	36135	40558	45332	49918	55288	59418	63170	67568	72867	78886
428	5266	11515	16573	22206	27325	31461	36191	40579	45486	50004	55383	59428	63254	67638	72911	78907
500	5430	11689	16662	22510	27334	31935	36518	40676	45600	50006	55408	59532	63477	67739	72958	78994
865	5824	11708	16920	22563	27461	31958	36554	40781	45724	50081	55549	59643	63534	67760	73009	79052
890	5903	12090	16962	22803	27588	32307	36586	40900	45782	50128	55646	59646	63587	68090	73143	79239
990	6080	12133	17313	22807	27614	32341	36708	40933	45816	50286	55913	59665	63845	68632	73272	79363
1451	6243	12202	17326	22919	27747	32412	36710	41016	45889	50302	56078	59784	63966	68810	73296	79548
1554	6351	12309	17392	23045	27889	32480	36800	41084	46011	50710	56164	59788	63976	68927	73424	79744
1559	6438	12375	17772	23172	28014	32781	36870	41099	46172	50868	56165	59981	64133	69089	73493	79884
1824	6851	12963	18066	23226	28069	32841	36877	41281	46182	51045	56412	60033	64190	69137	73585	
2010	7012	12967	18203	23562	28248	32847	36898	41413	46323	51333	56447	60257	64228	69158	74076	
2146	7039	12975	18207	23636	28755	32891	36941	41642	46348	51337	56510	60309	64264	69463	74134	
2193	7120	13109	18327	23851	29110	32925	37025	41683	46418	51339	56528	60495	64303	69465	74179	
2286	7123	13125	18361	24033	29384	33130	37052	41809	46480	51493	56600	60497	64363	69504	74715	
2477	7323	13172	18386	24102	29398	33201	37314	41994	46533	51577	56649	60835	64437	69537	74779	
2569	7384	13183	18404	24155	29445	33203	37414	42037	46836	51599	56739	60987	64538	69559	74871	
2692	7440	13239	18468	24285	29447	33320	37774	42206	46910	51771	56971	61091	64543	69589	74923	
2897	7444	13348	18503	24365	29546	33632	37842	42228	46991	51875	57169	61143	64674	69796	75229	
3074	7640	13399	18675	24382	29650	33776	38162	42515	47069	51956	57183	61245	64811	69835	75250	
3097	7713	13452	18716	24383	29680	33903	38167	42702	47674	52067	57411	61343	64848	69857	75355	
3107	7850	13525	18964	24396	29729	34249	38244	42740	47677	52423	57499	61370	64855	70521	75557	
3142	7901	13585	19074	24418	29827	34256	38335	42791	47753	52604	57501	61414	64865	70642	75665	
3147	8045	13754	19175	24432	29839	34266	38379	42846	47868	52914	57539	61422	65237	70683	75671	
3248	8225	13802	19191	24453	29883	34411	38648	42886	47887	52933	57585	61558	65438	70904	75674	
3367	8263	13828	19244	24593	29942	34470	38866	43108	47979	52943	57640	61572	65687	70935	76042	
3523	8286	14021	19419	24752	29972	34556	38944	43147	48229	52994	57646	61690	65695	71267	76048	
3565	8662	14059	19574	24920	30126	34568	39023	43173	48276	53007	57675	61697	65854	71310	76197	
3602	8694	14307	20259	24970	30356	34714	39036	43200	48518	53108	57805	61773	66008	71313	76472	
3613	9323	14503	20291	25068	30393	35049	39103	43228	48748	53167	57858	61910	66050	71343	76791	
3691	9512	14703	20297	25199	30480	35253	39134	43395	48898	53381	57878	61983	66052	71561	77078	
3735	9707	14763	20322	25255	30498	35425	39173	43431	48928	53394	57980	62025	66302	71577	77093	
3776	9840	14818	20515	25282	30572	35481	39175	43617	48991	53695	58050	62039	66452	71700	77275	
3861	10090	14835	20724	25485	30897	35540	39237	43755	49003	53946	58111	62083	66658	71895	77482	
3968	10185	15106	21049	25506	30924	35585	39307	43919	49090	54134	58245	62097	66709	71965	77552	
3975	10196	15196	21232	25682	31027	35722	39376	43933	49141	54527	58410	62227	66740	72000	77698	
4024	10575	15419	21309	25897	31082	35728	39389	44145	49148	54604	58445	62302	66819	72029	77749	
4199	10588	15635	21445	26012	31117	35739	39395	44231	49171	54785	58480	62370	66896	72109	77815	
4291	10847	15821	21567	26147	31226	35752	39564	44265	49306	54813	58514	62475	67038	72232	78042	
4315	10861	15889	21656	26276	31234	35848	39740	44267	49386	54841	58694	62496	67065	72543	78049	
4354	10921	16005	21660	26367	31280	35898	39857	44301	49436	54867	58807	62774	67161	72637	78437	

PENINGAVINNINGAR kr. 25.000

80	4809	10306	14458	19099	23500	27997	31977	36767	42852	46827	52202	55422	60232	65786	70792	75486
95	4885	10354	14647	19132	23552	28064	32017	36822	42855	46858	52214	55445	60364	66125	70887	75590
178	4888	10356	14715	19202	23578	28079	32086	36864	42903	46889	52243	55447	60486	66143	70912	75724
215	4890	10446	14802	19214	23739	28245	32131	36915	43211	47075	52312	55645	60551	66331	70957	75825
226	4907	10504	14804	19241	23792	28388	32286	37247	43249	47141	52328	55801	60571	66339	71013	76010
450	5365	10560	14925	19321	23919	28410	32696	37254	43304	47569	52391	55951	60760	66414	71039	76074
457	5431	10566	14953	19333	24034	28692	32918	37311	43344	47766	52393	56054	60980	66592	71051	76110
471	5794	10660	15021	19403	24125	28753	32920	37372	43438	47787	52590	56081	61104	66731	71078	76156
527	5838	10752	15069	19526	24129	28800	32923	37482	43568	47916	52628	56187	61204	66833	71089	76203
689	5895	10764	15107	19610	24185	29047	32939	37531	43691	47949	52635	56440	61276	67008	71111	76240
764	6066	10821	15378	19636	24246	29209	33062	37671	43766	48216	52707	56458	61289	67014	71152	76353
771	6133	10889	15593	19739	24260	29286	33084	37744	43817	48485	52738	56470	61662	67036	71249	76388
821	6183	10949	15659	19833	24505	29330	33111	37749	43825	48664	52799	56546	61833	67111	71475	76408
833	6238	11077	15763	19843	24750	29424	33123	37833	43944	48888	52858	56625	62159	67190	71493	76446
861	6273	11446	15836	19932	24896	29459	33457	37946	43962	48941	52911	56644	62184	67226	71624	76568
1077	6402	11451	15951	19937	24916	29616	33494	37971	43963	48950	52974	56722	62560	67231	71681	76590
1115	6813	11559	16233	20096	24919	29664	33642	37999	44025	49364	53071	56899	62612	67251	71705	76956
1272	6828	11909	16485	20293	25051	29732	33669	38030	44049	49395	53195	57073	62706	67312	71762	76988
1324	6958	11946	16605	20316	25100	29960	33809	38153	44055	49441	53219	57126	62720	67911	71838	77116
1437	7066	11994	16710	20445	25274	30097	34015	38177	44058	49607	53431	57171	62952	68113	71867	77218
1637	7270	12018	16765	20594	25317	30217	34048	38285	44074	49950	53478	57186	62966	68252	72140	77333
1739	7324	12135	16824	20882	25347	30274	34056	38508	44189	49977	53504	57376	62992	68260	72210	77341
1777	7812	12146	16856	21066	25649	30308	34157	38896	44321	50010	53528	57402	63273	68434	72271	77453
2021	7888	12166	16909	21080	25697	30309	34179	38926	44430	50113	53555	57456	63327	68531	72436	77519
2247	8008	12250	16976	21118	25709	30330	34181	38964	44528	50117	53590	57484	63487	68735	72446	77607
2341	8134	12251	17019	21265	25716	30390	34686	39038	44683	50139	53662	57527	63627	68977	72507	77624
2471	8211	12447	17022	21303	25737	30495	34820	39172	44784	50272	53752	57543	63746	69061	72518	77647
2514	8291	12592	17080	21329	25762	30546	34926	39296	44839	50399	53823	57559	63857	69080	72535	77729
2716	8313	12760	17208	21405	25800	30597	34981	39831	44965	50470	53948	57574	64355	69163	72745	77756
2777	8371	12911	17232	21616	25832	30727	35007	39880	45040	50577	53997	57734	64368	69248	72808	77934
3081	8414	12973	17561	21650	25851	30750	35100	39907	45390	50819	54011	58138	64394	69256	72818	77971
3319	8490	12995	17621	21718	26031	30805	35297	40089	45398	50943	54046	58218	64451	69332	72938	78021
3416	8634	13313	17717	21780	26138	30838	35321	40209	45399	50949	54110	58250	64730	69349	72979	78204
3596	8671	13492	17839	22006	26174	30861	35560	40724	45464	51049	54118	58290	64823	69374	73327	78316
3621	8702	13497	17846	22115	26371	30959	35725	41251	45523	51086	54180	58300	64826	69509	73335	78402
3780	8738	13503	17916	22269	26511	30975	35909	41335	45549	51119	54274	58760	64861	69511	74088	78550
3904	8790	13625	17921	22568	26530	31050	35940	41718	45642	51236	54458	58785	64939	69585	74107	78784
3981	8799	13875	18051	22734	26558	31056	35969	41743	45644	51240	54553	58845	64942	69701	74276	78895
4059	9114	13937	18057	22742	26590	31143	36210	41794	45936	51331	54585	58864	65100	69768	74289	78961
4085	9227	13947	18362	22745	27103	31202	36232	41825	45945	51388	54661	58892	65248	69883	74571	79101
4206	9275	13987	18443	22752	27397	31378	36311	41900	45963	51425	54782	59041	65312	69944	74607	79129
4286	9301	13991	18692	22833	27569	31450	36320	42052	46135	51582	54954	59249	65349	69984	74626	79382
4314	9813	14023	18734	22961	27605	31723	36334	42184	46572	51601	55024	59302	65390	70042	74806	79423
4332	9968	14091	18746	22987	27621	31767	36345	42226	46591	51656	55057	59545	65412	70155	74994	79528
4391	9989	14146	18755	23024	27726	31842	36392	42336	46624	51839	55084	59598	65456	70315	75001	79571
4532	10049	14291	18853	23195	27742	31846	36408	42489	46735	52014	55111	59647	65596	70465	75054	79681
4716	10232	14293	18881	23285	27830	31893	36476	42507	46754	52098	55160	59656	65746	70567	75092	79788
4718	10237	14316	18927	23303	27834	31910	36604	42562	46768	52114	55351	59733	65766	70635	75213	79833
4789	10292	14431	18953	23433	27838	31924	36691	42571	46785	52194	55421	60137	65775	70639	75320	

H-N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. júlí 2022
Birt án ábyrgðar um prentvillur

Hefur orðið að betri leiðtoga í Danmörku

Freyr Alexandersson, þjálfari Lyngby, undirbýr sig undir nýja og spennandi áskorun á ferli sínum. Liðið hefur leik í dönsku úrvalsdeildinni um aðra helgi.

hoddi@frettabladid.is

Velgengni liðsins undir stjórn Freys varð til þess að honum var fljótlega boðin framlenging á samningi sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FÓTBOLTI Á sínu fyrsta tímabili sem þjálfari Lyngby stýrði Freyr Alexandersson danska liðinu upp úr næstefstu deild. Liðið spilaði vel undir stjórn Freys og tókst að komast upp í deild þeirra bestu. Svo mikil ánægja er með störf Freys hjá Lyngby að félagið gerði við hann nýjan og betri samning eftir tæpt ár í starfi. Stutt sumarfrí er í Danmörku og eftir mikinn fögnuð hefst úrvalsdeildin á næstu dögum.

„Þetta er nýtt fyrir mig að það séu svona stutt skil á milli þess sem var og er að hefjast. Ég hef fundið fyrir því, það var mikil gleði og gaman þegar við fórum upp. Það var allt undir síðustu vikurnar á mótinu og mikil spenna, skemmtileg spenna. Það var svo örstutt sumarfrí og svo höfum við þrjár vikur til að undirbúa okkur fyrir efstu deild," sagði Freyr í samtali við Fréttablaðið, en hann sat þá í mestu makindum heima hjá sér að horfa á fótbolta í sjónvarpinu.

Draumur á fyrsta ári

Freyr segir stökkið upp í úrvalsdeild stórt og viðbúið að hann muni ekki fagna eins mörgum sigrum og í næstefstu deild. „Það er mjög stórt stökk á milli deilda, svo er enn meira stökk á milli efstu liðanna í úrvalsdeildinni og liðanna þar á eftir. Það eru mikil skil á milli liðanna í deildinni, það sést best á rekstri félaganna. Við erum á þeim stað að við erum ekkert að versla mikið á markaðnum. Það er mitt starf sem þjálfari að gera leikmennina betri og sækja svo leikmenn úr góðu unglingastarfi félagsins. Við höfum bætt við tveimur leikmönnum og spurning hvort þeir verði 1-2 í viðbót. Það þarf að vera á réttum forsendum og helst einhver með reynslu."

Freyr tók við starfinu hjá Lyngby fyrir rúmu ári og nýtur sín í starfinu. „Þetta fyrsta tímabil var algjör draumur, í byrjun var ekki nein pressa á það að fara upp en þegar það gekk vel þá kom pressan og ég naut hennar. Ég þurfti að byggja upp nýtt lið og það gekk hraðar en við áttum von á. Það skemmtilegasta í starfi þjálfarans er að sjá leikmenn bæta sig og liðið verða betra, svo skemmir ekki að sigrar fylgi með í kjölfarið. Þetta hafa verið draumamánuðir fyrir mig persónulega.

> Þetta er harmleikur og maður verður þess var að þetta hefur áhrif á þjóðina.

Ég er klárlega búinn að bæta mig sem þjálfari, ég er umkringdur góðu fólki. Það var gott starfsfólk hér fyrir sem er frábært að vinna með. Fyrst og fremst er ég samt búinn að bæta mig sem leiðtogi, ég er miklu yfirvegaðri en áður. Það er bara reynsla sem maður hefur tekið frá Heimi Hallgrímssyni, Lagerbäck, Erik Hamrén og fleirum," segir Freyr sem var lengi í starfi hjá KSÍ en stoppaði stutt í Katar áður en hann hélt til Danmerkur.

Fjölskyldan nýtur lífsins

Með því að skrifa undir nýjan samning við Lyngby er ljóst að Freyr og fjölskylda hans njóta lífsins í úthverfi Kaupmannahafnar. „Okkur líður vel, þetta er spennandi klúbbur að vinna fyrir. Þetta er frábær staður, við erum rétt fyrir utan miðbæ Kaupmannahafnar. Danskur fótboltakúltúr er frábær og þegar maður er kominn inn í hann reynir maður að sjúga allt í sig, það finnst mér spennandi. Ég vil ekki fara frá Danmörku nema að það komi eitthvað stórkostlegt. Klúbburinn vildi ró og ég vildi ró, það var því ekkert annað í stöðunni en að skrifa undir nýjan samning."

Íbúar Danmerkur eru harmi slegnir eftir skotárás í verslunarmiðstöð í Kaupmannahöfn á sunnudag þar sem þrír létu lífið. „Það eru allir klárlega slegnir og maður finnur það, fólk talar mikið þetta. Þetta er hræðilegur atburður, allir þekkja einhvern sem var nálægt þessum stað á þessum tíma. Þetta er harmleikur og maður verður þess var að þetta hefur áhrif á þjóðina."

Fannst hann skulda Alfreð

Alfreð Finnbogason er án félags eftir að samningur hans við Augsburg í Þýskalandi rann út og æfir hann nú hjá Lyngby undir stjórn Freys. Ólíklegt er að Lyngby hafi þó efni á að semja við Alfreð.

„Ég hef ekkert rætt samning við Alfreð og hvort það sé einhver möguleiki. Ég held að það væri galið af mér að segja að ég hefði ekki áhuga á því að fá hann til liðs við okkur. Það er frábært að fá Alfreð á æfingasvæðið, hann er með geggjaða reynslu og er frábær manneskja. Alfreð gefur mikið af sér til aðila hérna, svo eru snertingar hans, leikskilningur og hvernig hann klárar færin allt í efsta klassa.

Ég vildi hjálpa honum, mér fannst ég skulda honum. Hann hefur að hluta til fórnað líkama sínum fyrir íslenska landsliðið. Hann spilaði meiddur og hægði á öllu bataferli sínu fyrir Ísland. Núna er hann á góðum stað og er að halda sér í toppstandi, það er gott að gefa karlinum eitthvað til baka. Við skoðum það að fá hann ef sú staða kemur upp.".

Freyr seldi markvörð til Vals á dögunum en Frederik Schram sem var í HM-hópi Íslands árið 2018 er mættur í Bestu deildina. „Valur er að fá toppmarkvörð, það eina sem Frederik vantar er að fá traust og spiltíma. Hann átti að fá það hjá mér en handarbrotnaði og sá sem kom inn stóð sig frábærlega. Það var samkomulag um að hann gæti farið fyrir sanngjarna upphæð. Ég var hissa að sjá hann ekki byrja gegn KA en ég ræð því ekki. Frederik er frábær markvörður og eðaldrengur sem Valur fær í sitt félag," segir Freyr að lokum. ■

Áhyggjuefni í aðdraganda Evrópumótsins

Utan vallar

Hörður Snævar Jónsson
hordur@frettabladid.is

Það er mikil eftirvænting fyrir Evrópumóti kvenna en mótið fór af stað í gær en fyrir okkur Íslendinga hefst mótið formlega á sunnudag þegar Ísland mætir Belgíu í fyrsta leik.

Mikil eftirvænting er á meðal þjóðarinnar fyrir frumraun Íslands á mótinu en fimm ár eru liðin frá síðasta stórmóti liðsins. Mótið í Hollandi olli miklum vonbrigðum en nú ríkir gríðarleg bjartsýni í kringum liðið.

Þorsteinn Halldórsson tók við góðu búi af Jóni Þór Haukssyni sem kom liðinu inn á Evrópumótið. Liðið er með marga unga leikmenn sem hafa mikla hlaupagetu, í nútíma fótbolta er hlaupageta og snerpa í bland við gæði leikmanna lykill að árangri.

Íslenska liðið lék einn æfingaleik fyrir mót, íslenska þjóðin gat ekki horft á leikinn gegn Póllandi þar sem útsending RÚV klikkaði. Undirritaður gat hins vegar með krókaleiðum náð sér í ólöglegt streymi og horft á þennan eina undirbúningsleik.

Spilamennska liðsins að stærstum hluta var ekki góð og betur má ef duga skal, Þorsteinn tók þá ákvörðun fyrir leik að setja Söru Björk Gunnarsdóttur í liðið en hún hafði ekki byrjað landsleik í 14 mánuði. Eins og eðlilegt er eftir barnsburð er Sara enn langt frá sínu besta, það voru vonbrigði hversu lítið hún fékk að spila hjá Lyon eftir endurkomu sína og leikæfing hennar er því lítil. Með því að setja Söru inn í liðið var ákveðið að færa Karólínu Leu Vilhjálmsdóttur á kantinn en hennar var saknað á miðsvæðinu. Karólína hefur snerpu og góða hlaupagetu ásamt því að vera frábær í fótbolta, sóknarmenn Íslands hafða notið góðs af því að hafa hana fyrir aftan sig.

Okkar fróðasta fólk um kvennabolta telur það ekki líklegt til árangurs í jöfnum leikjum að byrja með Söru Björk og Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur saman á miðjunni og setja Karólínu á vænginn. Um þetta er þó aðeins rætt á kaffistofum landsins

Kvennalandsliðið er á leiðinni á sitt fyrsta stórmót undir stjórn Þorsteins Halldórssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Tveir af tíu elstu leikmönnum EM byrjuðu í bakvarðastöðum Íslands gegn Póllandi.

til þess að rugga ekki bátnum.

Annað vandamál sem blasti við í æfingaleik liðsins gegn Póllandi eru bakverðir íslenska liðsins, Sif Atladóttir og Hallbera Guðný Gísladóttir hafa reynst landsliðinu frábærlega en Sif fagnar 37 ára afmæli sínu á mótinu og Hallbera er 35 ára. Þær hafa mikla reynslu sem gæti reynst dýrmæt en Sif var í vandræðum gegn Póllandi sem bakvörður enda er hennar staða í hjarta varnarinnar. Snöggir kantmenn gætu orðið til vandræða fyrir Ísland.

Eftir að hafa blásið út neikvæðum punktum er rétt að minnast á það að íslenska liðið er frábærlega mannað og ef allt heppnast vel ætti liðið að geta náð langt á mótinu, krafan er alla veganna sú að liðið fari upp úr riðlinum. Annað væru vonbrigði. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 7. júlí 2022

VEIÐIKORTIÐ
2022



36 vatnasvæði

Aðeins 8.900

veidikortid.is

Tori Lewis elti innsæið og hvalasönginn til Íslands nítján ára gömul og getur ekki hugsað sér að búa fjarri hafinu aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Metalgyðjur, hvalafæðing og Eiðrofi

Listamannsparið Katrín Vinther Reynisdóttir og Tori Lewis hafa vakið athygli fyrir fallegan og áhugaverðan klæðaburð sem á rætur í goth-stíl. Þær eru virkir þátttakendur í goth-senunni í Reykjavík og segja það vera einstakt og kærleiksríkt samfélag sem veiti sífelldan innblástur. 2

Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

„Ég heyri oft að ég líti út fyrir að vera beint út úr Addams-fjölskyldunni," segir Katrín og hlær. „En ég tek því svo sem bara sem hrósi og þykir það passa stílnum mínum ágætlega. Ég hef vissulega gaman af svörtum fötum. Þau passa við allt og eru alltaf móðins. Mér finnst líka gaman að blanda saman mismunandi stefnum. Einn daginn klæði ég mig eins og hvítvínsmamma úr úthverfunum á leið í jarðarför fyrrverandi eiginmanns síns og aðra daga myndi ég best passa inn á 80's Batcave klúbb. Oft er ég í látlausum fötum með marga fallega skartgripi sem fá að spila aðalhlutverkið. Það fer allt eftir deginum og nenninu," segir hún.

Tori lýsir sér sem svalri og rólegri að utanverðu en fullkomlega kaótískri að innanverðu. „En ég geri nú ráð fyrir að þannig sé flest annað fólk líka. Fatastíllinn minn er mjög breiður og inniheldur sitt lítið af hverju. Ég klæðist allt frá slípuðum, kvenlegum nútímalegum goth-flíkum upp í karlmannleg street goth-föt. Ef ég ætti að gefa stílnum nafn þá myndi það vera „Minimal-Extra". Ég fæ innblástur frá Harajuku-strætisstílnum, metal-gyðjum eins og Floor Jansen og frumkvöðlum eins og Iris Von Herpen og Vivienne Westwood. Ég held að stílgyðjan mín sé eins konar hilling sem samanstendur af öllu því fagra sem umkringir mig," segir Tori. „Minn innblástur kemur frá alls kyns fólki en líka bara ákveðinni tilfinningu eða hughrifum," segir Katrín um sitt stílgoð.

Notað og stundum nýtt

Báðar segjast þær reyna sem mest að kaupa notaðan fatnað. „Mér þykir jafnvænt um öll fötin mín og leyfi mér örsjaldan að kaupa eitthvað alveg glænýtt. Og þá passa ég að það sé fallegt handverk gert af fólki með mannsæmandi laun og vinnuskilyrði. Þar af leiðandi eru flíkurnar dýrari, en ég borga líka fyrir það sem ég fæ," segir Katrín. „Flestar mínar flíkur eru líka second hand eða eitthvað sem ég keypti mér fyrir mörgum árum síðan. Ég reyni að safna fyrir hönnunarvörum sem tala til mín, en viðurkenni að ég enda stundum á að ráfa eins og hungraður úlfur um fatabúðirnar í bænum í árátturkenndri leit að einhverju gómsætu," segir Tori.

„Uppáhaldsfatabúðirnar mínar eru Blackwood Castle Clothing, Nuit og Church of Sanctus og mig blóðlangar í föt frá þeim öllum. Draumurinn væri svo að eignast eitthvað eftir Alexander McQueen," segir Katrín. Uppáhaldsfatabúðina sína segir Tori vera: „fataskápurinn hennar Katrínar?" Hún hlær en bætir við: „Bara grín. Eða ekki... Annars kaupi ég mikið frá Rokki og rómantík, það er ekki hægt að gera mistök ef þú ferð að ráðleggingum hinnar guðdómlegu Karlottu. Uppáhaldsflíkurnar mínar eru kímónóarnir mínir og einfaldur svartur blazer-jakki. Hann passar við allt og er galdur fyrir sjálfstraustið," segir hún.

Óaðskiljanlegar í ást og stíl

Þær Tori og Katrín hafa verið saman í tæplega tvö ár. „Við hittumst á Gauknum, heilagri kapellu gothara á Íslandi," segir Tori. „Við vorum kannski búnar að fá okkur rauðvínstár," segir Katrín og Tori bætir við: „Okkur hafði verið boðið í einkapartí og flesta vini okkar áttum við sameiginlega þrátt fyrir að hafa ekki kynnst almennilega áður. Við smullum strax saman (eftir að hafa öðlast sjálfstraustið sem rauðvín veitir) og höfum ekki verið í sundur síðan," segir hún.

Aðspurðar neita þær því að eldveggur hafi verið reistur á milli fataskápanna á heimilinu. „Merkilegt nokk þá getum við deilt fataskápunum. Tori er til dæmis iðin við að stela fötum úr mínum skáp. Áður en við bjuggum saman velti ég oft fyrir mér hvað hefði orðið um hina og þessa flík, til þess eins að komast svo að því að þær voru komnar inn í skáp heima hjá henni," segir Katrín. Tori bætir við að þetta hafi byrjað mjög sakleysislega hjá þeim, svona eins og gerist oft hjá pörum. „Hjá okkur byrjaði þetta á stuttermabolum en núna lánum við hvor annarri kjóla og harness/beisli til að fara út á lífið," segir Tori.

Tori Lewis tónlistarkona og rithöfundurinn Katrín Vinther eru par og deila að eigin sögn fataskápunum systurlega á milli sín. Hér má sjá Tori rokka svörtum blazer og buxum, töff beisli og grófum hælum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það er hægt að sogast inn í samtal í marga klukkutíma og koma út úr því uppfull af heilaglitri.**
>
> Tori Lewis

Ætlað að fæða hval

Tónlistarkonan Tori Lewis flutti til Íslands frá Frakklandi árið 2016. „Þá var ég nítján ára. Ég kem frá lítilli borg rétt fyrir utan París. Ég ólst upp í mjög frönsku húsi rétt við skóginn umkringd dýrum og man að það var mjög mikill hávaði og mikil lykt, en aðallega yfirþyrmandi. Mér fannst ég aldrei vera nógu góð og gæti ekki hugsað mér að búa þarna aftur.

Ástæðan fyrir því að ég flutti til Íslands var barnabók sem ég las þegar ég var sjö ára; um háhyrninga í hafinu við Húsavík. Eftir það var ekki hægt að halda mér í Frakklandi. Ég fylgdi innsæinu eins og ég er vön og gæti ekki verið lukkulegri með það. Ég hef fundið mitt heimili hér á Íslandi og gæti ekki hugsað mér að vakna á morgnana fjarri hafinu og ferska loftinu. En ég var þó heppin að geta notið náttúrunnar í sveitinni þegar ég var barn og ég er þakklát fyrir það.

Ég hef verið gagntekin af háhyrningum síðan ég var bara barn og mig dreymir reglulega um að fæða einn slíkan," segir Tori, sem mun eflaust gera það í einhverjum skilningi, enda bæði skapandi og hæfileikarík. Tori vinnur í nokkrum ólíkum verkefnum en setur fókusinn á nám sitt í Söngskóla Sigurðar Demetz þar sem hún lærir söng hjá Elsu Waage. „Klassískur söngur, eins erfiður og hann er, gefur mér meira en allt annað. Núna einbeiti ég mér að raddverkum fyrir nokkur safarík verkefni sem líta vonandi bráðum dagsins ljós. Í sumar spila ég með bandinu mínu Necksplitter á Eistnaflugi og Norðanpaunki. Restin af sumrinu fer í að skrifa og taka upp fyrir lokaverkefni vinar míns úr Kvikmyndaskólanum," segir Tori.

Tori (t.h.) og kærastan hennar, Katrín (t.v.), hittust á Gauknum fyrir tæpum tveimur árum og kviknaði þar ástarneistinn sem brennur enn heitt.
MYND/AÐSEND

Gefur út Eiðrofa

Katrín á líka sterkar rætur í sveitinni líkt og Tori. „Ég ólst upp á Akureyri og varði líka löngum stundum í Ljósavatnsskarði, en mamma mín er einmitt þaðan. Mér finnst sveitin alltaf eiga í mér stóran part og mig langar mikið að skrifa smásagnasafn eða ljóðakver um náttúruna. Ég flutti suður í janúar 2015 til þess að fara í háskólann og ég væri að ljúga ef ég segðist ekki sakna Norðurlands, en mér líður líka mjög vel hérna í Reykjavík," segir Katrín, sem stundar nám í ritlist í Háskóla Íslands og mun á komandi vikum gefa út sína fyrstu ljóðabók. Bókin nefnist Eiðrofi og er unnin upp úr meistaraverkefni hennar.

„Ég var líka með verk í smásagnasafninu Það er alltaf eitthvað, sem kom út árið 2019. Síðan hef ég skrifað kvikmyndagagnrýni fyrir Engar stjörnur. Ég hef hingað til mest unnið með ljóð en öll skapandi skrif heilla mig mjög. Ég hef alltaf verið algjör lestrarhestur og um leið og ég kunni eitthvað aðeins á Word fór ég að skrifa sögur. Minningin af því er alveg ljóslifandi. Ég sat í herbergi bróður míns og stalst til að skrifa á fartölvu sem mamma var nýbúin að kaupa sér fyrir háskólanámið sitt. Sagan var um einhverja hunda, skrifuð með alveg hreint óbærilega ljótum skrautfonti," segir hún hlæjandi og bætir við: „Eiðrofi kemur út ásamt tveimur öðrum ljóðabókum eftir þær Sólveigu Eir og Sunnevu Kristínu. Það ætti að skýrast á næstu vikum hvar og hvenær útgáfuhófið verður svo ég hvet áhugasama til að fylgjast vel með."

Glitur sem kitlar heilabúið

Tori og Katrín leita báðar innblásturs í lífið og tilveruna. „Í raun finn ég innblástur í lífinu eins og það leggur sig. Bæði sigrum þess og áföllum. Náttúran og þjóðsögur veita mér líka innblástur, og hafa gert síðan ég var barn," segir Katrín. „Tilfinningar af öllu tagi veita mér innblástur. Það hefur alltaf verið erfitt fyrir mig að skilja og aðgreina tilfinningar og ég hef lært samúð gegnum árin sem hvetur mig til dáða. Hún hjálpar mér að fylgjast með, eins og dagbók, til að skilgreina kenndir út frá hljóði og hávaða. Annars leita ég líka mikið í listamenn eins og Bruno Coulais, Pierre-Henri, Messiän, Jules Vernes, ýmsar hljómsveitir og listamenn. Ég gæti aldrei nefnt þau öll," segir Tori og bætir við:

„Goth-senan á Íslandi er eins og fjölskylda sem samþykkir, staðfestir, styður þig tilfinningalega og veitir þér öryggi til að opna þig, sem er það fallegasta sem ég veit. Þetta er hrá ást sem hefur auðvitað sína há- og lágpunkta. Sköpunarlega séð þá er það mjög hvetjandi fyrir mig að vera í kringum þetta gáfaða og uppfinningasama fólk. Það er hægt að sogast inn í samtal í marga klukkutíma og koma út úr því uppfull af heilaglitri. Þarna eiga sér stað jöfn og stöðug samskipti sem lætur manni líða dásamlega," segir Tori.

Þetta frjóa og skemmtilega par hefur að sjálfsögðu leitt hugann að því að vinna saman að skapandi verkefnum. „Við erum með einhver verkefni í bígerð. Hljóð, orð og myndefni sem flæðir saman við lifandi flutning og margt fleira sem kitlar heilabúið," segir Tori. „Það er aldrei að vita hverju við tökum upp á næst," bætir Katrín við. Það er því rík ástæða til þess að fylgjast með þessum áhugaverðu karakterum. ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Útsalan er hafin í Curvy 30-50% afsláttur

Ekki missa af því besta á útsölunni!!
Sjáðu úrvalið eða pantaðu í netverslun www.curvy.is
Opið í verslun Curvy við Grensásveg
Alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16



Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

Rifnu gallabuxurnar halda velli

Það eru ekki allir hrifnir af rifnu gallabuxunum sem verið hafa í tísku undanfarin ár. Samkvæmt Dolce & Gabbana verða þær þó enn heitar vor og sumar 2023. Svo virðist sem D&C gangi enn lengra í þessari tísku því það eru ekki bara gallabuxurnar sem eru rifnar heldur buxur úr öðrum efnum líka.

elin@frettabladid.is

Sharon Stone og ofurfyrirsæturnar Adam Senn og Sam Webb mættu á herratískusýningu í Mílanó auk þess að heimsækja verslun Dolce & Gabbana í Mílanó í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Herðapúðarnir voru ýktari í kvenfatnaði fyrir veturinn 2023 frá Dolce & Gabbana. Þótt herðapúðar hafi verið vinsælir á tíunda áratugnum voru þeir sjaldnast svona miklir en jakkinn er fallegur.

Hollywoodstjarnan Sharon Stone sem er 64 ára er andlit tískurisans Dolce & Gabbana. Hún geislaði þegar herratíska fyrirtækisins var kynnt í Mílanó á dögunum. Þar var hún með ofurfyrirsætunum Adam Senn og Sam Webb. Þeir Adam og Sam hafa einmitt setið fyrir á mörgum myndum með Sharon Stone fyrir Dolce & Gabbana undanfarnar vikur. Þar á meðal í Feneyjum.

Sharon þykir aldrei hafa litið betur út en nú og var mikið um það skrifað í tískutímaritum þegar hún mætti á kvikmyndahátíðina í Cannes í maí klædd glæsikjólum frá D&G.

Horft til fortíðar

Dolce & Gabbana sýndu fyrst herralínu árið 1990 en á þeim tíma var merkið í mikilli uppsveiflu þótt það væri aðeins fimm ára. Það var knúið áfram af skapandi frelsi og nýjungum.

Sannarlega er fatalína þeirra fyrir sumarið 2023 fjölbreytt enda höfða þeir félagar mjög til yngra fólks þótt þeir velji konu á sjötugsaldri sem andlit D&G fyrir kvenfatnað sinn og töskur.

Þegar Kourtney Kardashian gifti sig í Portofino á Ítalíu í vor bar einmitt mikið á lúxusfatnaði frá Dolce & Gabbana. Þeir klæddu ekki bara brúðhjónin, heldur líka alla Kardashian-Jenner fjölskylduna, jafnvel brúðarmeyna og hringaberann. Þá fékk fjölskyldan einkasnekkju D&G til afnota.

Vilja endurvinnslu

Eins og aðrir tískurisar horfa þeir félagar til loftslagsbreytinga og leggja áherslu á endurvinnanlegan fatnað. Sérstaklega líta þeir til tíunda áratugarins í hönnun sinni og vilja endurvekja tísku þess tíma með nýjum tillögum sem eru hannaðar í anda sumarsins 2023. Rifnar gallabuxur voru áberandi og halda því velli samkvæmt Dolce & Gabbana, skreyttir tvíhnepptir jakkar með herðapúðum, blúnduskyrtur og stuttermabolir, allt í anda þess horfna tíma.

Á fremstu bekkjum sýningarinnar sátu nýjar ungar stjörnur íþróttaheimsins og fylgdust með þegar fyrirsæturnar sýndu það sem koma skal næsta sumar.

Beckham ryður brautina

Dolce & Gabbana segjast sömuleiðis hafa horft til klæðaburðar David Bekcham sem er þekktur fyrir glæsilegan fatastíl og að fara óhefðbundnar leiðir. Því miður var Beckham ekki á sýningunni. Beckham hefur verið óhræddur við glamúr í herrafatnaði og var brautryðjandi í því að skapa nýjan heim í herratísku, er haft eftir Stefano Gabbana.

Á fremstu bekkjum sýningarinnar sátu nýjar ungar stjörnur íþróttaheimsins og fylgdust með þegar fyrirsæturnar sýndu það sem koma skal næsta sumar.

Á sýningunni voru nokkrar flíkur sem merktar voru „Re-Edition“ sem annað hvort voru endurgerðar frá fatahönnun D&G á tíunda áratugnum eða raunverulegur klæðnaður frá þeim tíma. Það má því segja að fortíðin hafi verið grafin upp hjá þessu ítalska lúxusmerki. ■

Rifnar og bættar gallabuxur verða enn við lýði sumarið 2023.

Fallegur tvíhnepptur jakki við rifnar buxur. Það heitasta sumarið 2023.

Þótt Dolce & Gabbana segist horfa til tíunda áratugarins í hönnun verður ekki séð að rifnar gallabuxur fylgi þeirri stefnu. Þær hafa verið vinsælar á allra síðustu árum og verða enn næsta sumar samkvæmt D&G.

ZE ZE Somaz úlpujakki
Fæst í fleiri litum- Stærðir 38-48
Verð áður 11.990 kr
Útsöluverð 8.393 kr

ZE ZE síður köflóttur jakki
Fæst líka í steingráu - Stærðir 40-46
Verð áður 10.990 kr
Útsöluverð 6.594 kr

ZHENZI Helyn kvartermabolur
Fæst í fleiri litum - Stærðir 42-58
Verð áður 7.990 kr
Útsöluverð 5.593 kr

ZE ZE hettupeysukjóll með pífu
Fæst líka í dökkbláu - Stærðir 38-48
Verð áður 12.990 kr
Útsöluverð 9.093 kr

ZE ZE Alaya hettupeysukjóll
Stærðir 38-48
Verð áður 12.990 kr
Útsöluverð 9.093 kr

yesta yest noSecret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic QUE

YEST/YESTA treggings með rönd
Fæst líka með rauðu- Stærðir 36-54
Verð áður 7.980 kr
Útsöluverð 5.586 kr

ZHENZI Kogle hneppt peysa
Fæst í fleiri litum - Stærðir 42-56
Verð áður 8.990 kr
Útsöluverð 6.293 kr

ZHENZI Izora léttur jakki – vendingur
Stærðir 42-52
Verð áður 7.990 kr
Útsöluverð 4.794 kr

ZE ZE Culic kjóll
Fæst lika í brúnu - Stærðir 38-46
Verð áður 8.990 kr
Útsöluverð 6.293 kr

ZE ZE Bobbi kjóll
Fæst líka í bleiku - Stærðir 36-48
Verð áður 10.990
Útsöluverð 7.693 kr

SUNDAY by Godske festival DENMARK STUDIO GOZZIP® SANDGAARD LASESSOR FRANDSEN Tamaris HABELLA Jana®

ZHENZI Marin tunika
Fæst líka í bláu - Stærðir 42-52
Verð áður 9.990 kr
Útsöluverð 6.993 kr

ZHENZI Shara skyrta
Fæst í fleiri litum - Stærðir 42-56
Verð áður 9.990 kr
Útsöluverð 6.993 kr

JÖRLI shiffon skyrta
Fæst líka í ljósu - Stærðir 38-54
Verð áður 14.980 kr
Útsöluverð 10.486 kr

ZE ZE Hiva plíseraður kjóll
Fæst líka í dökkbláu - Stærðir 36-46
Verð áður 11.990 kr
Útsöluverð 8.393 kr

JÖRLI kjóll með rennilás á öxlum
Fæst í fleiri litum - Stærðir 40-50
Verð áður 18.980 kr
Útsöluverð 14.235 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Örlög frægra kjóla frá Hollywood

Þegar Kim Kardashian mætti nýlega á Met Gala í kjól af Marilyn Monroe vakti það mikla athygli og var nokkuð umdeilt, þar sem margir litu á kjólinn sem safngrip. En hver ætli hafi verið örlög annarra frægra kjóla úr sögu Hollywood?

oddurfreyr@frettabladid.is

Fyrr í vikunni birti The Guardian ítarlega umfjöllun um hvað hefur orðið um nokkra af frægustu kjólunum úr sögu Hollywood. Lengi vel voru það bara safnarar, en ekki söfn, sem þóttu þeir sérlega merkilegir, svo það er mjög misjafnt hve vel hefur verið passað upp á fræga búninga úr kvikmyndasögunni.

Deilt um notkun á kjól Monroe

Kjólinn sem Kim Kardashian var í á Met Gala var sá sem hin goðsagnakennda Marilyn Monroe klæddist þegar hún söng fyrir John F. Kennedy, þáverandi Bandaríkjaforseta, í tilefni af afmæli hans árið 1962. Margir voru hrifnir af klæðnaði Kardashian en aðrir gagnrýndu þessa meðferð á flík sem þeir töldu að ætti að vera safngripur.

Kjólinn er skreyttur með yfir tvö þúsund kristöllum sem voru handsaumaðir inn í „souffle“ silkið sem hann var gerður úr, en þess má geta að þetta silki hefur verið bannað með lögum því það er svo eldfimt. Kardashian fékk kjólinn lánaðan frá Ripley's Believe It Or Not! sem keypti kjólinn fyrir 4,8 milljónir dala árið 2016, en það gerir hann að dýrasta kjól heims.

Að sögn var kjóllinn saumaður utan á Monroe og hún var bara í honum á meðan hún var á sviði, en Kardashian segist aðeins hafa verið í kjólnum í um fjórar mínútur og að teymi sérfræðinga með hanska hafi séð um að klæða hana varlega í kjólinn. Hún fór svo í eftirlíkingu sem hún klæddist það sem eftir lifði kvölds.

En safnarinn Scott Fortner, sem segist eiga stærsta safn af munum sem tengjast Monroe í heimi, birti myndir á Instagram-reikningi sínum, The Marilyn Monroe Collection, sem hann sagði að sýndu skemmdir á kjólnum eftir að Kardashian fór í hann. Ripley's og Kardashian segja hins vegar að kjóllinn hafi ekki orðið fyrir neinum skemmdum. Fortner kennir Ripley's um þessar meintu skemmdir og segir að þetta sé ekki bara kjóll, heldur hluti af menningu Bandaríkjanna og vonar að þetta atvik verði til þess að svona verðmætir gripir verði passaðir betur í framtíðinni.

Kjóll Garland í gömlum skókassa

Annað dæmi um verðmætan kjól er kjóllinn sem Judy Garland klæddist í kvikmyndinni The Wizard of Oz. Um tíu stykki voru búin til fyrir gerð kvikmyndarinnar og í maí síðastliðnum var einn þeirra settur á uppboð eftir að hafa uppgötvast í löngu gleymdum skókassa. Hann fór samt fljótt úr sölu því gert var tilkall til hans. Það er engin furða að einhver hafi gert þetta tilkall, þar sem gert var ráð fyrir að hann myndi seljast fyrir á bilinu 800 þúsund til 1,2 milljónir dala.

John Fricke, sem er sérfræðingur þegar kemur að Garland og kvikmyndinni um galdrakarlinn í Oz, segir að þetta sé bara einn af mununum sem eru eftirsóttir úr myndinni. Gerð voru fimm pör af rauðu töfraskónum hennar Dorothy sem hafa lent í ýmsum ævintýrum og til dæmis er alríkislögregla Bandaríkjanna með eitt parið, en það fannst eftir að því var stolið af sýningu árið 2005. Best farna parið átti að fara á uppboð árið 1970 en var geymt, ásamt einum af kjólunum, og var svo keypt af hópi þekktra listamanna frá Hollywood sem enduðu á því að gefa það til Academy-kvikmyndasafnsins í Los Angeles.

Kvenfyrirlitning mótaði verðmat

Kvikmyndastjarnan Debbie Reynolds átti líka mikið safn af frægum búningum, þar á meðal svarthvítu fötin sem Audrey Hepburn klæddist í My Fair Lady og hvíta kjólinn sem fauk upp um Monroe í The Seven Year Itch. Hún bað bandarísku kvikmyndaakademíuna oft um að hjálpa sér að geyma og sýna þessa muni, en fékk alltaf neitun.

Hún endaði með því að selja lykilmuni til safnara árið 2011. Kjól Monroe fór á 4,6 milljónir dala og föt Hepburn á 3,7 milljónir. Reynolds fékk svo ósk sína uppfyllta nokkrum árum eftir dauða sinn þegar akademían opnaði áðurnefnt safn árið 2021 og þá fór restin af safni hennar á sýningu.

Deborah Nadoolman Landis, sem var búningahönnuður áður en hún gerðist fræðimaður, segir að það hafi verið horft fram hjá gildi þessa klæðnaðar vegna þess að það var litið svo á að hann vekti aðallega áhuga kvenna og væri því ekki sérlega mikilvægur. Hún segir að það sé sorglegt en að kvenfyrirlitning hafi verið skýringin. Hún er heldur ekki ánægð með meðferðina á kjól Monroe á Met Gala og líkir því við að taka mun af breska ríkissafninu til afnota.

Flestir búningar í einkasöfnum

Fricke segir að kvikmyndafyrirtæki hafi verið síðust til að átta sig á vinsældum gamalla búninga. „Hollywood vissi þetta ekki, en heimurinn vissi þetta,“ segir hann.

Nú eru gamlir búningar, sérstaklega þeir sem goðsagnir eins og Monroe, Garland og Hepburn notuðu, svo vinsælir að uppboðshús eru mér sérstakar deildir tileinkaðar þeim.

Landis segir að 90 prósent af gömlum búningum séu nú í einkasöfnum, að hluta til vegna þess hvað þeir eru verðmætir, en líka vegna þess að það er dýrt og tímafrekt fyrir söfn að passa upp á þá. Það þýðir um leið að meðferð þeirra er misjöfn. Það er samt almennt farið vel með þá, því þessir safnarar sjá verðmæti gripanna og líta svo á að þeir séu að passa þá fyrir komandi kynslóðir. Svo vilja þeir auðvitað ekki að fjárfesting þeirra falli í verði. Kjóllinn sem Ripley's keypti árið 2016 var til að mynda keyptur fyrir 1,2 milljónir 17 árum fyrr, svo verðmætið fjórfaldaðist á þessu tímabili. ■

Notkun Kim Kardashian á kjól af Marilyn Monroe vakti mikla athygli og var umdeild. Hún vakti um leið umræðu um meðferð á gömlum fötum úr sögu Hollywood. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Gerð voru fimm pör af rauðu töfraskónum hennar Dorothy sem hafa lent í ýmsum ævintýrum og til dæmis er alríkislögregla Bandaríkjanna með eitt parið.

Kjóllinn sem fauk upp um Monroe í kvikmyndinni The Seven Year Itch seldist á 4,6 milljónir dala. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kjólarnir sem voru gerðir fyrir Judy Garland fyrir gerð kvikmyndarinnar um galdrakarlinn í Oz eru orðnir verðmætir safngripir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FULLKOMNAR Í FRÍIÐ







Sannkallaður yndislestur.

Náðu þér í kilju fyrir fríið á forlagid.is eða í Bókabúð Forlagsins á Fiskislóð 39.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | www.forlagid.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Volvo V60 Plug in Hybrid. Diesel/ Rafmagn. 4/2016 ekinn 123 þús km. Einn sá best útbúni af þessum bílum. Leður sæti. Gler topplúga. BLIS kerfi. Minni í bílstjóra sæti. Dráttarkrókur. Ofl ofl. Verð aðeins: 3.390.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

Þjónusta

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Til bygginga

NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN
slétt beggja megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbygginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnsklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolíur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda
Matsáætlun í kynningu

Sauðárkrókshöfn, Sveitarfélaginu Skagafirði

Sveitarfélagið Skagafjörður og Skagafjarðarhafnir hafa lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats Sauðárkrókshafnar.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn.Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 5. ágúst til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

LAGERSALA

NTC

HOLTAGÖRÐUM

- merki fyrir minna -

- LOKADAGAR -

SÍÐASTA HELGIN

OPIÐ FIM-FÖS KL. 12-18 • LAUG-SUN KL. 12-17

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

YFIR 100 VINSÆL VÖRUMERKI

MOSS REYKJAVIK · MARC JACOBS · Matinique · Herschel SUPPLY CO. BRAND TRADE MARK · SOAKED IN LUXURY

InWear · billi bi COPENHAGEN · TIGER OF SWEDEN · ROTATE · SAMSØE · SAMSØE

NA-KD · 2NDDAY · STEVE MADDEN · J.LINDEBERG

carhartt · Acne Studios · envii · TATUAGGI · Part Two

EINFALT OG ÞÆGILEGT

1.000.- KR • 2.000.- KR • 3.000.- KR • 4.000.- KR • 5.000.- KR 7.000.- KR • 9.000.- KR • 12.000.- KR • 15.000.- KR

VÖRUR FRÁ EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM

Kultur menn · gs skór · GK REYKJAVIK · KARAKTER KONUR · SMASH URBAN

galleri sautján · eva · COMPANYS · Kultur

lagersalantc · Lagersala NTC · Holtagarðar

TÍMAMÓT FRÉTTABLAÐIÐ 7. júlí 2022 FIMMTUDAGUR

Merkisatburðir

1211 Suðurlandsskjálfti, margir bæir hrynja og 18 manns farast.
1307 Játvarður II. verður konungur Englands.
1637 Hornsteinn er lagður að Sívalaturni í Kaupmannahöfn.
1874 Á Akureyri er vígður Gudmannsspítali, sem er til húsa í Aðalstræti 14, en það er elsta tvílyfta íbúðarhús á Íslandi, reist 1836.
1915 Konur fagna nýfengnum kosningarétti sínum með hátíðarfundi á Austurvelli. Sama dag stofna þær Landspítalasjóð Íslands.
1922 Lúðrasveit Reykjavíkur er stofnuð upp úr lúðrafélögunum Hörpu og Gígju og er hún elsta starfandi lúðrasveit á Íslandi.
1941 Bandaríkjaher kemur til landsins og tekur við vörnum þess af Bretum. Síðustu hermennirnir fara héðan í apríl 1947.
1966 U Thant, aðalritari Sameinuðu þjóðanna kemur í tveggja daga heimsókn til Íslands.
1974 Kútter Sigurfari er settur á byggðasafnið í Görðum á Akranesi.
1974 Vestur-Þýskaland vinnur heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu þegar lið landsins sigrar Hollendinga 2-1.
1983 Ray Charles skemmtir á Broadway ásamt 25 manna hljómsveit.

Þjóðlög heimsins mætast á Sigló

Þjóðleg tónlist frá Íslandi, Mexíkó, Gíneu og Grikklandi er meðal þess sem má heyra á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði.

arnartomas@frettabladid.is

Rasoulis-systkinin frá Krít flytja gríska þjóðlagatónlist. MYND/AÐSEND

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði hófst í gær og stendur yfir fram á sunnudag. Hátíðin er haldin ár hvert með það að markmiði að kynna þjóðlagaarf ólíkra þjóða og þjóðarbrota.

„Það hefur verið óvenjumikið um fyrirspurnir í ár, sérstaklega að utan, svo hátíðin virðist vera að ná út fyrir landsteinana hvað áhuga snertir," segir Gunnsteinn Ólafsson listrænn stjórnandi hátíðarinnar. „Það kemur þægilega á óvart hvað við fáum margar fyrirspurnir um hátíðina miklu fyrr en við erum vön. Það er eins og fólk sé þyrst í að koma á þjóðlagahátíð!"

Alþjóðlegir straumar

Hátíðin var fyrst haldin árið 2000 og er skipulögð í nafni Félags um Þjóðlagasetur séra Bjarna Þorsteinssonar í samstarfi við Síldarminjasafnið og Siglufjarðarkirkju. Tónlistin á hátíðinni kemur úr ólíkum áttum og er mikill alþjóðabragur yfir dagskránni í ár. Gunnsteinn segir að lagt sé upp úr því að hafa tónlistina sem fjölbreyttasta og ólíka á milli ára.

Okkur til mikillar ánægju kemur Svanlaug Jóhannsdóttir að syngja söngva frá Mexíkó um lífið og dauðann og það verður vafalaust á meðal hápunkta hátíðarinnar," segir hann um tónleika sem fara fram í Bátahúsinu á föstudagskvöld. „Hljómsveitin er í flottum búningum og flutningurinn allur með mexíkóskum hætti."

Á hátíðinni verður boðið upp á keltneska tónlist en þar er á ferð skoski hörpuleikarinn Ruth Wall. Miðjarðarhafið verður líka með fulltrúa á hátíðinni þar sem Rasoulis-systkinin frá Krít munu spila gríska þjóðlagatónlist. Einnig má vænta strauma frá Gíneu þegar hópurinn Dance Africa Iceland stígur villtan dans við dynjandi trommuslátt.

„Mamady og Sandra Sano hafa áður komið á hátíðina og kennt dansa en nú fannst okkur við hæfi að þau væru með eigin sýningu," segir Gunnsteinn.

Þá verður íslenska þjóðararfinum einnig gert hátt undir höfði, meðal annars með rímnanámskeiði Ragnheiðar Ólafsdóttur auk þess sem kveðskapar-

Mexíkóskir söngvar í flutningi Svanlaugar Jóhannsdóttur verða einn af hápunktum hátíðarinnar.



Hörpuleikarinn Ruth Wall flytur keltneska tónlist frá Skosku hálöndunum.

hópurinn Rímþursar og frenjur kveða rímu Skúla Pálssonar um stígvélaða köttinn.

Standa vörð um þjóðararfinn

Þjóðlagasetrið á Siglufirði var sett á laggirnar 2006 og er í Madömmuhúsi þar sem Bjarni Þorsteinsson þjóðlagasafnari bjó fyrstu ár sín á Siglufirði. Setrið hefur staðið fyrir söfnun þjóðlaga í góðum mynd- og hljóðgæðum hvaðanæva af landinu.

„Þarna er hægt að hlusta á og horfa á myndbönd af fólki alls staðar að af landinu dansa, kveða og syngja íslensk þjóðlög," segir Gunnsteinn, sem ferðaðist ásamt kvikmyndagerðarmanninum Dúa Landmark um landið til að safna efni fyrir setrið. „Hingað getur fólk komið og séð efnið, ýmist á skjám eða í tölvum eða leikið á langspil og íslenska fiðlu að vild."

Dagskrána í heild má finna á heimasíðu Þjóðlagahátíðarinnar. ■

---

†

Ástkær móðir okkar,
amma og langamma,

Ásdís Aðalsteinsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þann 12. júní. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

Börn og barnabörn.

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Halldórs Jónatanssonar
fv. forstjóra Landsvirkjunar.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu Sléttuvegi fyrir góða umönnun.

Dagný Halldórsdóttir
Rósa Halldórsdóttir
Jórunn Halldórsdóttir
Steinunn Halldórsdóttir
Finnur Sveinbjörnsson
Vilhjálmur S. Þorvaldsson
Raj K. Bonifacius
afa- og langafabörn.

---

†

Elsku hjartans móðir okkar,
amma og langamma,

Ingveldur Magnea Knaran Karlsdóttir (Stella)
Lindarholti 1, Ólafsvík,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 29. júní. Hún verður jarðsungin frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 9. júlí kl. 14.

Maggý Hrönn Hermannsdóttir
Hermann M. Maggýjarson
Ingvaldur M. Hafsteinsson
Kristrún Hafsteinsdóttir
Tómas Hermannsson
Stella Tómasdóttir
Regína V. Reynisdóttir
María Káradóttir
Fannar Hilmarsson
og langömmubörn.

---

†

Öðlingurinn, ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Örn Steinsen
KR-ingur,

lést í faðmi fjölskyldunnar föstudaginn 1. júlí.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 13. júlí klukkan 15.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Framtíðarsjóð KR.

Erna G. Franklín
Arna K. Steinsen
Stefán Þ. Steinsen
Anna G. Steinsen
Brynja D. Steinsen
Magnús Pálsson
Edda B. Guðmundsdóttir
Jón Halldórsson
Arnar Þ. Friðgeirsson
Saga, Örn Rúnar, Sjöfn, Andri, Agnar Smári, Erna Guðrún, Sara, Stefán Jr., Emma, Andrea, Bjarki, Aron, Eva, Arnór, Aníta og langafabörnin fimm.

---

†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Stefánsdóttir
Hlíf 2,

verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 9. júlí klukkan 14.00.

Bjarni Jóhannsson
Sigrún María Bjarnadóttir
Jóhann T. Guðmundsson
Guðrún Guðmannsdóttir
Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir
Tryggvi Snær Guðmundsson
og langömmubörn.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Inga G. Guðmannsdóttir
áður til heimilis að Vesturbergi 21, Reykjavík,

lést á Hrafnistu Ísafold, miðvikudaginn 29. júní. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju, þriðjudaginn 12. júlí, kl. 15.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar láti líknarfélög njóta þess.

Guðmann Elísson
Valborg Huld Elísdóttir
Úlfhildur Elísdóttir
Elsa Kristín Elísdóttir
Anne Katrine Hame
Björn Geir Ingvarsson
Snæbjörn Tr. Guðnason
Gunnar Viggósson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elsku hjartans bróðir okkar, mágur og frændi,

Reynir Ríkarðsson
Viðarrima 42, 112 Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 2. júlí.

Heimir Ríkarðsson
Hildur Ríkarðsdóttir
Steinberg Ríkarðsson
Ingimundur Bergmann
Ellert Már Jónsson
Þórunn Kristjánsdóttir
systkinabörn og fjölskyldur.

---

†

Elskuleg móðir okkar, amma og tengdamóðir,

Anna Kristjánsdóttir

lést á hjartadeild Landspítalans þann 5. júlí.
Minning hennar lifir í hjörtum okkar.

Katla Steinsson
Ársæll Þorsteinsson
Hanna Lára Steinsson
Kristján Jóhann Steinsson
Andri Snær Ársælsson
Anna Sjöfn Ársælsdóttir
Haukur Þorsteinsson
Kristmann Þorsteinsson

FRAMTÍÐIN Í ORKUDRYKKJUM

SYKURLAUS
6 NAUÐSYNLEG VÍTAMÍN
100% VEGAN
114 MG KOFFÍN

netto

BAUHAUS®

Yfirbreiðsla..... 6.995.-

47.995.-

NAPOLEON

TravelQ PRO285 gasgrill

2 brennarar, 4,1 kW. Grillflötur: 54 x 37 cm. Grillgrind úr steypujárni. Innbyggður hitamælir. Auðvelt að flytja.

Yfirbreiðsla.....15.895.-

159.995.-

~~199.995.-~~

TRAEGER

Pro 575 tréspænisgrill

Virkni 300 watt fyrstu 4 mín og svo 50 wött þar eftir. Grillflötur er 5032 cm². Stafræn hitastýring. Hitastig frá 75°-230°C. Stálhúðað. 2 mism. grillgrindur úr svörtu porselínsmáluðu stáli.

23.995.-

Eldstæði

Úr stáli. Skálin er samansett með 3 fótum og tveimur handföngum. ÞV. 60 cm.

ÞV 70 CM.....26.995.-
ÞV 80 CM.....29.995.-
ÞV 100 CM.....47.995.-

weber

Go anywhere kolagrill

Grillflötur: 42 x 26 cm. Nikkelhúðun á grillgrind. Postulínsglerungshúðaður botn og lok. Hentugt kolagrill fyrir ferðalög.

14.995.-

Yfirbreiðsla..... 6.595.-

NAPOLEON

8.395.-

Pizzasteinn Pro

Pizzasteinn úr keramík með pizzaskera.

NAPOLEON

1.995.-

Grillbursti

Með massífu tréhandfangi. Úr ryðfríu stáli. 45 cm.

weber

1.995.-

Grillbursti

Þrihyrndur. Úr ryðfríu stáli. 30 cm.

weber

2.995.-

Uppkveikjupottur, lítill

Hrað-upphitun. Stærð: 26,4x14,7x20,3 cm.

weber

1.495.-

Gasdós

Einnota gasdós frá Weber. U.þ.b. 445 g af gasi. Notanleg fyrir Weber Q100/1000, Performer Deluxe, Go-Anywhere gasgrill og Summit Charcoal-grilllínuna.

BAUHAUS®

MÁNUDAGA–FÖSTUDAGA KL. 8:00–19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00–18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00–18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 7. júlí til og með sunnudeginum 10. júlí

BAUHAUS
VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

Nú getur þú hringt og pantað vörurnar sem þig vantar í BAUHAUS
Sími: 515-0800

weber

Q3200 gasgrill

2 brennarar, 6,36 kW. Grillflötur 63x46 cm. Grillgrind úr porselínglerungshúðuðu steypujárni. Rafrænn kveikjari. Innbyggður hitamælir. Lok og botn úr áli. Opinn vagn.

84.495.-

Yfirbreiðsla 9.985.-

Ljósmyndakeppni
Sýndu grillhæfileikana

Fylgdu okkur og deildu grillmyndunum þínum á Instagram með myllumerkinu #bauhausgrillari og þú ert komin/nn í lukkupottinn. Þeir sem taka þátt geta unnið Weber Genesis E310 grill!

Grilldómnefnd BAUHAUS mun velja flottustu grillmyndina sem póstað verður í júlí og sigurvegarinn tilkynntur í byrjun ágúst.
Ekki missa af þessum skemmtilega leik



Sýndu grillhæfileikana

Weber Genesis E310 grill

VINNINGUR
VIRÐI: 134.995.-

Fylgdu okkur á Instagram og fáðu góðar hugmyndir fyrir næsta verkefni.

BAUHAUS

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Vísindin og við (e) Vísindin og við er þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands.
20.30 Fréttavaktin (e) Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Sumarlandabrot
13.15 Útsvar 2012-2013 Borgarbyggð – Mosfellsbær.
14.15 Árni Magnússon og handritin
15.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990
16.15 Sætt og gott
16.35 Framapot
17.00 Opnun Ólafur Sv. Gíslason, Inga Svala og Wu Shazhuan.
17.35 Veiðikofinn Sjóstangaveiði.
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ofurhetjuskólinn
18.16 Fótboltastrákurinn Jamie
18.44 Miðaldafréttir Sundskýla Snorra.
18.46 KrakkaRÚV
18.49 Sumarlestur
18.50 Lag dagsins Bubbi – Aldrei fór ég suður.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Sumarlandabrot
19.50 Ömurleg mamma Lortemor
20.20 Rökstólar Mötet
20.35 Haltu mér, slepptu mér Cold Feet
21.25 Nærmyndir Talking Heads. The Outside Dog
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Förum á EM EM kvenna í fótbolta fer fram á Englandi nú í júlí og þar verður íslenska landsliðið – stelpurnar okkar.
22.50 Neyðarvaktin Chicago Fire
23.30 Ráðherrann Kjörsókn náði ekki 90% og Benedikt neitar að taka við sjórnarmyndunarumboði forseta Íslands.
00.20 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.00 Black-ish
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Family Guy
19.40 MakeUp
20.15 Ræktum garðinn
20.30 How We Roll
21.00 Impeachment
21.50 The L Word. Generation Q
22.45 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 FBI
01.00 Law and Order. Special Victims Unit
01.45 Station Eleven
02.30 Pose
03.20 Love Island
04.05 Tónlist

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Einfalt með Evu
09.40 The Great British Bake Off
10.50 Besti vinur mannsins
11.15 X-Factor Celebrity
12.35 Nágrannar
12.55 Marry Me Tonight!
13.35 30 Rock
13.55 Suits
14.40 Cyrus vs. Cyrus Design and Conquer
15.00 Sorry for Your Loss
15.30 Grand Designs. Sweden
16.20 The Heart Guy
17.05 Matarbíll Evu Eva Laufey ferðast um á merktum matarbíl, heimsækir bæjarfélög og heldur sína eigin matarhátíð.
17.25 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.50 Sex í forgjöf
19.05 Skreytum hús
19.25 Listing Impossible
20.05 The Titan Games
20.50 Borgríki
22.15 Conversations with Friends
22.40 Grantchester
23.30 Pandore
00.25 The Mentalist
01.05 The Great British Bake Off
02.15 Marry Me Tonight!
02.55 30 Rock
03.15 Suits
04.00 Cyrus vs. Cyrus Design and Conquer

Birgir Jónsson fer yfir skrautlegan feril sinn

Viðtalsþættirnir Mannamál eru nú endursýndir frá því á síðasta vetri – og í kvöld er komið að því að endurnýja kynnin af Birgi Jónssyni, forstjóra flugfélagsins Play, sem fer yfir æviferil sinn í stólnum framan við Sigmund Erni. Hann kveðst hafa gefið taktinn allt sitt líf, hvort heldur er á trommunum með Dimmu ellegar í störfum sínum úti í viðskiptalífinu, en framsviðið eigi ekki við sig. ■

Krossgáta



LÁRÉTT
1 fjörgast
5 spreia
6 íþróttafélag
8 gersigra
10 þegar
11 pirruð
12 nýlega
13 titill
15 bjánast
17 kvk. nafn

LÓÐRÉTT
1 lemstra
2 innvols
3 merki
4 tálma
7 nytja
9 miðar
12 snemma
14 sár
16 stöðugt

LÁRÉTT: 1 iifna, 5 úða, 6 fh, 8 bursta, 10 er, 11 erg, 12 áðan, 13 jarl, 15 aulast, 17 maría.
LÓÐRÉTT: 1 lúberja, 2 iður, 3 far, 4 attra, 7 hagnýta, 9 seðlar, 12 arka, 14 aum, 16 sl.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Hannes Hlífar Stefánsson (2542) átti leik gegn Lev Yankelevich (2461) á alþjóðlegu móti í Budejovice.

23. Reg5! fxg5 24. Rxg5. Tvöföld hótun. Svartur verður að verja mátið á **h7. 24...Rf6 25. Rf7+ Kg8 26. Rxd8**

www.skak.is: Íslendingar í Tékklandi.

Sudoku

		2	8				1	
	8	3			6		5	9
				3				
		8		4		1		
	4		9	7		5		
3	5		6	2		8		4
	9	4			7			5
1	7		3					6
2			4		9	7		

8				5	6			
		6	7	8		2		
		5						
				2		6		
2		4			3		8	
			5	4		9		1
	3	8				1		
1	6		4	9				
4			6				9	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Föstudaginn 29. júlí gefur Fréttablaðið út sérblaðið

Maraþon

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Ruth, markaðsfulltrúi
Sími 694 4103/ ruth@frettabladid.is

ÚTISVÆÐIÐ 7. –16. JÚLÍ

7. JÚLÍ

Júlladiskó

Stuðmenn

Ball í útitjaldinu
Svæðið opnar kl 17

8. JÚLÍ

BÆJARBÍÓ

HJARTA HAFNAR-FJARÐAR

ÚTISVÆÐI

9. JÚLÍ

Poppvélin og Haffi Haff

Nýtt lag Hjarta Hafnarfjarðar frumflutt

14. JÚLÍ

Siggi Hlö

Alvöru diskó í útitjaldinu

15. JÚLÍ

Á móti sól

ball í útitjaldinu

Svæðið opnar kl 17

16. JÚLÍ

Paparnir

Alvöru Papaball í útitjaldinu

Svæðið opnar kl 17

FRÍTT INN
Á ÚTISVÆÐIÐ

Stærsti Bjórgámur í Evrópu
26 dælur
10 tegundir af krana

HAPPY HOUR
ALLAR HELGAR
TIL 20

Bjórkort á frábæru verði
Stórskemmtilegt útisvæði með tjöldum, borðum og bekkjum
Opið allar helgar til kl 23

nánar á bæjarbío.is og facebooksíðu Bæjarbíó

tix · Hafnarfjörður · prime umboðsskrifstofa · Gull

Gekk á svig við ýmsar siðvenjur

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Andlit úr skýjum er sýning á Kjarvalsstöðum en þar eru til sýnis mannamyndir Jóhannesar Kjarvals. Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur.

„Í fyrsta sinn er verið að sýna allar helstu myndir Kjarvals af fólki. Kjarval er um margt mjög óvenjulegur portrettlistamaður og það eru reyndar áhöld um hvort það eigi að kalla hann portrettlistamann því hann gengur á svig við ýmsar siðvenjur hefðbundinna portrettmálara sem stilla fólki upp og búa til raunsanna eftirmynd af því. Maður sér að Kjarval finnst það ekki voðalega spennandi. Hann hefur mun minni áhuga á því að búa til myndir af fólki en að búa til myndir um fólk. Myndirnar verða eins konar spegill, sem hann allt að því sér sjálfan sig í," segir Aðalsteinn.

„Annað óvenjulegt við hann er að hann notar mjög mikið líkingamál úr náttúrunni til að lýsa fólki. Þaðan er komið heiti sýningarinnar Andlit úr skýjum. Hann sér fólk jafnvel eins og náttúruna. Kristján Jónsson, Kiddi i Kiddabúð, stoð hans og stytta sem hélt utan um fjármál hans, skipulagði sýningar hans og hýsti hann, er sýndur nánast eins og klettur. Hann er Kletturinn í lífi Kjarvals."

Partur af hrauninu

Aðalsteinn segir að greinilegt sé að Kjarval hafi haft meiri ánægju af að gera teikningar af alþýðufólki en portrettmálverk af broddborgurum. „Alþýðufólkið er hans fólk. Þar eru vinnubrögðin öðruvísi. Í olíumyndunum líkir hann fólki við náttúruna en hann dregur náttúruna inn í andlitsteikningarnar. Það eru sömu taktarnir, sömu vinnubrögðin og sami ryþminn í andlitsteikningum hans og í myndum hans af klettum og gróðri. Manni finnst stundum að það lofsamlegasta sem Kjarval geti sagt um einhvern sem hann er að mála sé að hann sé eins og náttúran." Aðalsteinn nefnir sem dæmi um þetta mynd af fóstru Kjarvals. „Hún er manneskjan sem hann unni kannski allra mest, en hún sést varla á myndinni því hún verður svo mikill partur af hrauninu."

Gerði það sem honum sýndist

Ákveðin þróun er í portrettmyndum Kjarvals. „Hann byrjaði mjög vel sem portrettmálari. Bankastjóramyndir hans eru mjög hefðbundnar og féllu í kramið en í framhaldinu runnu tvær grímur á fólk vegna þess að honum var orðið alveg nákvæmlega sama hvernig fyrirmyndirnar voru útlits, hann gerði bara það sem honum sýndist. Á sýningunni er

> **Í olíumyndunum líkir hann fólki við náttúruna en hann dregur náttúruna inn í andlitsteikningarnar.**

mynd af virðulegum bæjarfógeta úr Vestmannaeyjum, Sigfúsi Johnsen, sem stendur mjög reffilegur nema hann heldur á stóru blómi sem enginn bað um að væri þar. Að lokum fór sú mynd úr fjölskyldunni. Hann gerði portrett af Steingrími Jónssyni rafmagnsveitustjóra sem vakti ekki lukku og þá gerði hann tvö önnur og annað þeirra fór til fjölskyldunnar og hitt til Rafmagnsveitunnar. Fólk varð dálítið hrætt við að panta frá honum portrettmyndir því það vissi ekki hvað það myndi fá. Þannig eru formlega pöntuð portrett eftir hann færri en tuttugu, sem telst lítið á 60 ára starfsferli," segir Aðalsteinn.

Spurður hvort erfitt hafi verið að safna saman myndum á sýninguna segir hann svo ekki hafa verið: „Markmiðið var að búa til fyrstu sýninguna af þessu tagi og þá veit maður hverjar lykilmyndirnar eru. Svo var smá leynilögregluvinna að finna nokkrar myndir en það leystist farsællega." ■

„Alþýðufólkið er hans fólk," segir Aðalsteinn um Kjarval.

Portrettmyndir sem sýna sterka karaktera. Mynd af Thor Vilhjálmssyni er í miðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fádæma vel gerð teikning af Birni Jóhannssyni bónda.

Stefna á kennslu í kvikmyndagerð á háskólastigi í haust

tsh@frettabladid.is

Kvikmyndaskóli Íslands stefnir á að hefja kennslu á háskólastigi í haust en Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, hefur lagt áherslu á að flýta úttektarferli skólans.

Í frétt á vef Kvikmyndaskólans kemur fram að ráðherra hafi skipað þrjá sérfræðinga til að veita umsögn um skólann, sem munu hefja störf í júlímánuði og er vænst að þeir hafi lokið störfum 1. september.

Friðrik Þór Friðriksson, rektor Kvikmyndaskólans, vonast þó til þess að úttektarferli skólans muni taka enn skemmri tíma.

„Þetta er bara allt að gerast núna í þessum töluðu orðum og verður komið bara í ágúst vonandi. Við setjum skólann í ágúst og þetta verður vonandi komið fyrir skólasetningu," segir hann. Spurður um hvort það taki ekki einhvern tíma að fá svona formlega viðurkenningu á náminu segir Friðrik Þór:

„Nei, það tekur engan tíma því við erum meðlimir að 120 bestu kvikmyndaskólum í heimi og sumir þeirra eru háskólar. Það er ákveðinn prósess að komast í það og við erum búin að fara í gegnum hann. Það hefur tekið tvö ár að fá þessa sérfræðinga til þess að taka okkur út þannig að við reiknum með að við smellum þar inn."

Kvikmyndaskólinn nýtur stuðnings mennta- og barnamálaráðuneytisins, en skólinn hefur starfað undir framhaldsskólaskrifstofu þess ráðuneytis frá árinu 2003. Þá liggur fyrir vilyrði um samstarf Kvikmyndaskólans við Kvikmyndafræðideild Háskóla Íslands sem er tilbúin með 60 eininga aukagrein til að bæta við 120 eininga diplómanám Kvikmyndaskólans og leiða til BA-gráðu með kvikmyndagerð sem aðalgrein.

Friðrik Þór, rektor Kvikmyndaskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Við vildum alltaf bara samstarf við einhvern háskóla, þess vegna Listaháskólann, en það varð aldrei af því," segir Friðrik Þór.

Nú er Listaháskóli Íslands einnig að hefja kennslu til BA-gráðu í kvikmyndagerð í haust, er þörf á tveimur kvikmyndagerðarbrautum á háskólastigi á Íslandi?

„Nei, ég hefði nú haldið að þetta væri hrein peningaeyðsla þar. Af því það kostar milljónir og jafnvel hundruð milljóna að gera það. Þeir eru með tíu nemendur þarna núna og ég veit bara ekki hvað fólk er að hugsa." ■

VELKOMIN Í NÝJA VERSLUN Í SKEIFUNNI 19

Opnum í dag kl. 9:00, fimmtudaginn 7. júlí
250 m frá gömlu versluninni

FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ ALLA HELGINA

SKOÐAÐU ÖLL TILBOÐIN

Skannaðu QR-kóðann til að skoða öll opnunartilboðin í ELKO Skeifunni

ELKO

Alcoholica gefur gestum tækifæri til að stíga á svið á Eistnaflugi.
MYND/MARINÓ FLÓVENT

Alcoholica er eina karókí metalband Íslands

ragnarjon@frettabladid.is

Hljómsveitin Alcoholica stígur á svið í kvöld á tónlistarhátíðinni Eistnaflugi sem fram fer í Neskaupstað þessa helgina. Það sem aðgreinir hljómsveitina frá öðrum þungarokkssveitum á hátíðinni er að Alcoholica er eina karókí metalband Íslands. „Fólk fær texta og velur sér lag. Í rauninni er þetta bara alveg eins og venjulegt karókí fyrir utan að svo er full hljómsveit upp á sviði sem spilar alla helstu metal- og rokkslagarana og þú færð að góla með," segir trymbill sveitarinnar, Gottskálk Davíð Bernhöft. Hann bætir við að um fastan lista af lögum sé að ræða. „Jú, enda held ég að það væri mjög erfitt að gera þetta öðruvísi. Þetta eru alveg hátt í þrír tímar af lögum sem við erum með æfð."

> Það var svolítið eins og þetta ætti að gerast.

Meðlimir Alcoholica hafa spilað saman í áraraðir en sveitin er sprottin af hugmynd um að stofna hljómsveit sem spilaði ábreiður. „Þetta er afsprengi hljómsveitar sem er búin að vera til í fjórtán til fimmtán ár sem heitir Alchemia," segir hann. Hugmyndin hafi svo þróast þegar skipuleggjendur Eistnaflugs báðu þá um að vera með karókíviðburð fyrir nokkrum árum, nokkuð sem hljómsveitin hafði lengi hugsað um.

„Það var svolítið eins og þetta ætti að gerast. Sérstaklega með þessari hátíð," segir Gottskálk. „Númer eitt tvö og þrjú erum við að þessu til þess að skemmta okkur og öðrum." ■

Tók upp fyrstu plötuna á þremur vikum

Fyrsta breiðskífa Árnýjar Margrétar, They Only Talk About the Weather, kemur út 21. október og fyrsta lagið af plötunni kemur út í dag. Á bak við verkið er tvítug tónlistarkona frá Ísafirði á þröskuldi heimsfrægðar.

ninarichter@frettabladid.is

Árný Margrét sendir frá sér sína fyrstu breiðskífu í október og fyrsta lag plötunnar kemur út á streymisveitum í dag.
MYND/AÐSEND

Árný Margrét hefur vakið athygli fyrir einlægan flutning og vandaðar lagasmíðar sem ómað hafa um stór tónlistarhús erlendis, enda hefur hún farið í tónleikferðalög um Kanada og Evrópu og hitað upp fyrir stór nöfn í senunni.

„Nafnið er svolítið stórt," svarar Árný Margrét, aðspurð um hvað bindi plötuna saman. „Veðrið er stórt í þessu, en það er ekki aðalmálið. Ég nota það mikið sem innblástur og nota það til að fela annað," segir hún hugsi.

Úti í sveit í Danmörku

Árný Margrét segir að á plötunni séu lög frá mismunandi tímabilum sem passi vel saman. „Reynsla og fólk og veðrið – allt í bland." Tímabilið sem um ræðir eru dagar heimsfaraldurs, frá 2020 til 2021 og platan var tekin upp síðla síðasta sumars.

Árný Margrét hikar áður en hún svarar því hvort heimsfaraldurinn hafi litað efnistökin á plötunni. Hún útskýrir að haustið 2020 hafi hún farið utan í nám. „Ég fór til Danmerkur í lýðháskóla á Norður-Jótlandi. Ég var í Danmörku þegar Covid byrjaði." Um var að ræða nám þar sem einblínt var á svokallaða fólk-rokk tónlistarstefnu. „Ég var þarna úti í sveit með vinum mínum allan daginn," segir hún. Samkomubann setti strik í reikninginn og tónlistarkonan flutti heim til Íslands eftir eina önn. „Það er þetta með að sakna og vera einn. Svo er innilokun þarna líka, einangrunin gæti hafa litað þetta smávegis," segir hún.

Ætti kannski að hitta Kidda

„Það að hitta Kidda umboðsmanninn minn og fólkið sem ég tók upp plötuna með, var svolítið skrýtið og gerðist mjög hratt." Umboðsmaðurinn sem um ræðir er Guðmundur Kristinn Jónsson, þekktur sem Kiddi í Hjálmum, sem einnig er umboðsmaður Ásgeirs Trausta.

Aðspurð um tildrög samstarfsins segist Árný Margrét hafa sett sig í samband við Högna Egilsson í lok

> Það að hitta Kidda umboðsmanninn minn og fólkið sem ég tók upp plötuna með, var svolítið skrýtið og gerðist mjög hratt.

árs 2019. „Þegar ég fór suður hafði ég samband við hann og spurði hvort við gætum hist, og við tókum upp nokkur demó," segir hún. „Svo hafði ég samband við hann aftur í apríl 2021 og þá sagði hann: Þú ættir kannski að hitta Kidda."

Svo fór að Árný Margrét mætti í hljóðver og lék tíu lög sem hún átti á lager. „Svo gleymdi ég bara textamöppunni minni og öllu á gólfinu hjá Kidda," segir hún og skellihlær. „Þá varð ég að koma aftur. Hann spurði mig þá hvort ég ætti fleiri lög, og þá tókum við allt upp á þremur vikum!"

Valáfangi úrslitavaldur

Árný Margrét fór í tónlistarskóla að læra á píanó sex ára gömul. „Það var svona klassískt dæmi, og ég var líka í lúðrasveitum og hljómsveitum fyrir leikritin í menntaskóla," segir hún og nefnir að flestir fyrir vestan fari í tónlistarskóla, en tveir tónlistarskólar séu á svæðinu og hefðin því sterk. „Ég fékk gítar í fermingargjöf þegar ég var 14 ára og fór í valáfanga í grunnskóla þar sem ég lærði svona venjuleg gítargrip." Þá vaknaði tónlistaráhuginn fyrir alvöru.

Aðspurð um helstu áhrifavalda nefnir hún suðurafrísk-bandaríska tónlistarmanninn Gregory Alan Isakov sem algjört uppáhald, og segist einmitt hafa hitað upp fyrir tónlistarmann á tónleikum erlendis, sem hafi hitað upp fyrir Gregory.

Tónlistarunnendur geta séð Árnýju Margréti á Airwaves-hátíðinni í Reykjavík næsta haust, þar sem hún heldur tónleika í Fríkirkjunni. ■

Ferðalangurinn

Áhrifavaldur með hálendisdellu

ninarichter@frettabladid.is

Kyana Sue Powers kom fyrst til Íslands árið 2018. Hún heillaðist svo af landinu að hún flaug heim til Boston, sagði upp starfi sínu, seldi eigurnar og flutti til landsins. Í dag er hún einn stærsti ferða-áhrifavaldur landsins með 33 þúsund fylgjendur á Instagram.

„Ég verið með hálendisdellu undanfarið," segir Kyana. „Sennilega vegna þess að hálendið er ólíkt nokkrum öðrum stað á Íslandi. Þetta eins og að vera á annarri plánetu. Það eru svo margir staðir á hálendinu sem maður veit ekki af," segir hún.

Kyana segir að stundum sé fólk mett af heimsóknum á áfangastaði við hringveginn. „Þá er magnað að finna að maður geti farið á algjörlega nýjan stað í hvert sinn sem maður fer á hálendið, af því að það er svo einangrað."

Sextíu og tvö þúsund fylgja Kyönu á Tiktok sem birtir þar myndbönd af íslenskri náttúru. MYND/AÐSEND

Kyana rekur delluna til ferðar í Kerlingarfjöll síðasta sumar. „Ég hafði aldrei komið þangað áður og vissi ekki neitt um staðinn." Kyana skellti sér eina helgi á svæðið með vinum sínum. „Ég spjallaði við starfsfólkið í skálanum á svæðinu sem vissi allt sem hægt er að vita um svæðið. Þau lögðu til nokkrar gönguleiðir, útsýnisstaði og heitar náttúrulaugar í nágrenninu. Þetta var algjört æði."

Hún minnist síðan göngu sem hún fór í fyrir skömmu með þremur íslenskum vinum. „Þar hittum við þýska fjölskyldu sem spurði okkur hvaðan við værum og vinir mínir sem eru Íslendingar kynntu sig sem slíkir og sögðu að ég væri frá Bandaríkjunum. Þjóðverjarnir svöruðu: Já, en gaman að þið séuð að sýna henni landið. Þá svöruðu Íslendingarnir: Já, reyndar skipulagði hún alla þessa ferð, við höfum aldrei komið hérna áður," segir Kyana og hlær. ■

KRÓNAN

OPIÐ ALLA DAGA 9-21

Kíktu til okkar ...

í nýja og glæsilega verslun í Skeifunni!

Opnum í dag, 7. júlí!

Gómsæt TILBOÐ!
Aðeins í Skeifunni
7. - 10. júlí

-40%

Protein pönnukökur
174 kr. stk.
Verð áður ~~290~~ kr. stk.

-40%

Ambrosi Mozzarella
257 kr. pk.
Verð áður ~~429~~ kr. pk.

-50%

Vatnsmelónur
299 kr. stk.
Verð áður ~~599~~ kr. stk.

-50%

Kirsuber 1kg
749 kr. kg.
Verð áður ~~1498~~ kr. kg.

-30%

Töst freyðandi te
979 kr. stk.
Verð áður ~~1399~~ kr. pk.

-50%

Lambi sumar WC pappír
573 kr. pk.
Verð áður ~~1145~~ kr. pk.

-40%

Kristall 12 í pakka
696 kr. pk.
Verð áður ~~1160~~ kr. pk.

-40%

Olifa classico jómfrúarolía
1499 kr. stk.
Verð áður ~~2499~~ kr. stk.

-40%

Smass hamborgarar 2x120
359 kr. pk
Verð áður ~~599~~ kr. pk

-40%

Grísahnakki m. grillsmjöri
1498 kr. kg
Verð áður ~~2498~~ kr. kg

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. ATH. Hámark 3 pk. á mann hvert tilboð!
Tilboðin gilda eingöngu í verslun Krónunnar í Skeifunni 7. -10. júlí 2022 eða á meðan birgðir endast.

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttavaktin býður landsmönnum upp á fjölbreytta fréttaumfjöllun í opinni dagskrá. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT



Gisting á tjaldstæði getur kostað skildinginn og það kann að vera kostnaðarsamt að endurnýja útilegubúnaðinn. Einhverjir gætu séð sér hag í því að greiða fyrir hótelgistingu í staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ódýrari gistinætur um verslunarmannahelgina

ninarichter@frettabladid.is

Tjaldútilegur henta ekki öllum og ýmsar ástæður geta legið fyrir því að ferðalangar kjósi hótel fram yfir prímus og pakkasúpu. Aðgengismál og heilsa geta spilað þar hlutverk á meðan aðra langar einfaldlega að leyfa sér smá lúxus.

Fréttablaðið kannaði verð á hótelgistingu í fjórum landshlutum um verslunarmannahelgina. Samkvæmt bókunarsíðunni Booking.com kostar ódýrasta hótelgistingin á landsbyggðinni, frá föstudegi 29. júlí til 1. ágúst, miðað við tvo fullorðna sem deila herbergi, 48.139 krónur á Hótel Eddu á Akureyri, sem Norðlendingar þekkja sem húsnæði gömlu heimavistar Menntaskólans á Akureyri. ■

Á Hótel Laugum í Sælingsdal. MYNDIR/BOOKING.COM

VESTURLAND

Á Vesturlandi bjóða Hótel Laugar í Sælingsdal þrjár nætur á 52.608 krónur og þar er morgunverður innifalinn. Stærð herbergisins er ekki tekin sérstaklega fram en þó kemur fram að flatskjár sé í herberginu. Gestir deila baðherbergi með öðrum hótelgestum og þá er einnig tekið fram að engin lyfta sé í húsinu fyrir aðgengi að herbergjum á efri hæðum.

Á Guesthouse Svartaskógi.

AUSTURLAND

Á Austurlandi er lægsta verðið á gistinóttunum þremur 62.681 króna á Guesthouse Svartiskógur í 15 fermetra herbergi með sér baðherbergi. Þar má bæta við morgunverði fyrir 2.229 krónur á mann.

Á Hótel Eddu á Akureyri.

NORÐURLAND

Ódýrasta gistingin á Norðurlandi er á Hótel Eddu á Akureyri, en þar kosta þrjár nætur í 11 fermetra herbergi 48.139 krónur. Gestir deila baðherbergi með öðrum hótelgestum. Vilji fólk bæta við morgunverði fer upphæðin í 64.018 krónur.

Á Hótel Skálholti.

SUÐURLAND

Hótel Skálholt býður ódýrustu hótelnæturnar á Suðurlandi en þar eru næturnar þrjár á 84.172 krónur og hægt að bæta við morgunverði fyrir 2.368 krónur á mann. Um er að ræða 15 fermetra herbergi með sérbaðherbergi og fullu aðgengi fyrir hjólastóla.

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

ÆSISPENNANDI BÆKUR Í FERÐALAGIÐ







Náðu þér í kilju fyrir fríið á forlagid.is
eða í Bókabúð Forlagsins á Fiskislóð 39

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | **www.forlagid.is**

LÝKUR Á MÁNUDAG

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

35% AFSLÁTTUR

BOSTON CITY stillanlegt heilsurúm.

Boston City fást í þremur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Botn, dýna og gafl eru klædd sama dökk- eða ljósgráa, slitsterka áklæðinu sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun. Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring.

160x200 cm	180x200 cm	200x200 cm
Fullt verð: 479.900 kr.	**Fullt verð: 499.900 kr.**	**Fullt verð: 569.900 kr.**
Nú **311.935 kr.**	Nú **324.935 kr.**	Nú **370.435 kr.**

20% AFSLÁTTUR

ELEGANCE 15 heilsudýna

Sérlega vönduð heilsudýna sem veitir góðan stuðning. Elegance heilsudýnan er með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Gormakerfi Elegance er mýkra við axlasvæðið en stífara við neðra bak og miðjusvæði. Elegance heilsudýnan hefur steypta kanta sem gefur um 25% meira svefnrými og tryggja hámarks endingu dýnunnar. Ein okkar allra vandaðasta gormadýna.

Til í fleiri stærðum.

160x200 cm

Fullt verð: 139.900 kr.

Nú **111.920 kr.**

20% AFSLÁTTUR

NATURES REST LUXURY heilsudýna

Frábær heilsudýna. 20 cm háir pokagormar sem eru svæðaskiptir, mýkri á mjöðmum og öxlum til að halda náttúrulegri sveigju í líkama okkar á meðan við sofum. Samansett úr 5 lögum af mismunandi svampi með 4 cm minnissvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum. Hæð á dýnu er 33 cm en þar af er þykk yfirdýna sem gefur dýnuna einstaklega þægilega. Þessi dýna er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.

Til í fleiri stærðum.

160x200 cm

Fullt verð: 59.900 kr.

Nú **47.920 kr.**

20% AFSLÁTTUR

CHIRO UNIVESE heilsudýna

Chiro heilsudýnurnar eru með vandað pokagormakerfi sem býður upp á minni hreyfingu milli rekkjunauta og betri aðlögun að líkama þínum. Yfirdýnan er svæðaskipt með slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði. Dýna sem tryggir réttan stuðning við mikilvæg svæði eins og t.d. neðra mjóbak og axlarsvæði.

Til í fleiri stærðum.

140x200 cm

Fullt verð: 105.900 kr.

Nú **84.720 kr.**

DANADRAM Ergo magic koddi

Dúnkoddi með stífum innri kjarna úr minnissvampi. 70 x 48 x 20 cm.

Verð 14.900 kr.

50% AFSLÁTTUR

Nú **7.450 kr.**

S.BEDDING dúnsæng

Dúnsæng. 1300g 85% smáfiður, 15% hreinn andadúnn. 135 x 220 cm.

Verð 14.900 kr.

50% AFSLÁTTUR

Nú **7.450 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugard. kl. 11-17
Sunnud. LOKAÐ

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

SUMAR útsala

– ekki missa af þessu –

20% AFSLÁTTUR

AUSTIN
hægindastóll

Flottur hægindastóll í svörtu eða dökkgráru leðuráklæði.
90 x 95 x 98 cm. **Verð 149.900 kr.**

Nú **119.920 kr.**

KOLDING
hægindastóll

Stillanlegur stóll í dökkgráu, rauðu eða svörtu PVC áklæði. **Verð 169.990 kr.**

30% AFSLÁTTUR

Nú **118.930 kr.**

60% AFSLÁTTUR

SPA handklæði
sandlituð

100% tyrkneskri bómull. 50x100 cm.
Verð 895 kr. Nú 358 kr.

25% AFSLÁTTUR

AVIGNON hægindastóll
með skammel

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Brúnt, svart, dökkgrátt og rautt PVC leður. **Verð 199.900 kr.**

Nú **149.925 kr.**

25% AFSLÁTTUR

LICATA sófi

3ja sæta sófi. Dökkgrátt áklæði. 199 x 94 x 82 cm.
Verð 169.900 kr.

Nú **127.425 kr.**

30% AFSLÁTTUR

CANNES
hægindastóll

Hægindastóll og skammel. Saddle, grátt, svart eða rautt PVC áklæði. **Verð 199.990 kr.**

Nú **139.993 kr.**

25% AFSLÁTTUR MISTRAL HOME RÚMFÖTUM

140x200 cm
Fullt verð: 10.990 kr.

Nú **8.243 kr.**

60% AFSLÁTTUR AF AFFARI VÖRUM

Opið á sunnudögum á Smáratorgi 13-17

DORMA

Láttu drauminn rætast

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Sigraðu innkaupin fyrir útileguna
netto

Bakþankar

Kolbeins Marteinssonar

Pöndudráp í Kína

Það hefur frést að veiðar á villtum pöndum séu hafnar á ný í Kína, þar sem þær eru ekki lengur í útrýmingarhættu. Veiðarnar hafa skapað nokkra reiði og úlfúð, ekki hvað síst fyrir þær sakir að þær eru aðeins stundaðar af auðmanninum Kang Liu. En Liu hafði látið af veiðum eftir að stofninum var nánast útrýmt og veiðarnar bannaðar. Þrátt fyrir að eftirspurn eftir pöndukjöti sé sama og engin er engan bilbug á Liu að finna. Til veiða skal haldið þó að borga þurfi með veiðunum auk þess sem hann hafði varðveitt veiðarfæri með miklum tilkostnaði frá veiðibanni.

Fjölmargir í Kína hafa bent á að veiðar sem þessar skili nánast engu til þjóðfélagsins og þær skaði aðra hagsmuni verulega. Þó að stofnar pöndunnar séu ekki lengur í útrýmingarhættu séu þær í huga heimsins orðnar að tákni fyrir náttúruvernd. Aðeins sé tímaspursmál hvenær grimmilegar og kvalafullar veiðiaðferðir veki heimsathygli. Talsmenn nýrra vaxandi atvinnugreina sem gert hafa út á verndun risapöndunnar um allt Kína hafa mótmælt veiðunum harðlega.

Ímynd er ein dýrmætasta eign hverrar þjóðar. Ímynd Íslands er sterk, við erum friðsöm þjóð, herlaus, við höfum aldrei ráðist á annað ríki, búum yfir hreinni orku, virðing fyrir náttúru er vaxandi og við látum aldrei skilgreina okkur sem smáríki.

Að við skulum heimila einum manni að veiða hvali er jafn galið fyrir heiminum og þetta skáldaða dæmi um kínverska auðmanninn hér að ofan og það mun valda okkur verulegum skaða í framtíð. Stjórnvöld eiga því að sinna hlutverki sínu við verndun hagsmuna okkar sem hér búa og banna hvalveiðar í eitt skipti fyrir öll. Með friðun hvala græðum við öll. ■